

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 343

apríl 2024

Alþjóðafing Lions Melbourne Ástralíu



Apríl 2023. Blað nr. 343

THE LION IN ICELANDIC

Fjölumdámi 109, Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is

Skrifstofustjóri: Kolfína Guðmundsdóttir



Fjölumdámissjórn:



Sigfríð Andradóttir, fjölumdámissjórn. Sigfríð er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: sigfrida@simnet.is



Friðrik Hansen Guðmundsson, umdámissjórn í 109 A. Friðrik er félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn og er með tölvupóstfangið friðrikhansen@gmail.com



Baldur Ingi Karsson, umdámissjórn 109B. Baldur Ingi er félagi í Lionsklúbbum Hængur. Netfang Baldurs Inga er balduringikarsson@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2023 – 2024

Fjölumdámissjórn: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Umdæmissjórn 109A: Friðrik A. Hansen, Lkl. Fjörgyn

Umdæmissjórn 109B: Baldur Ingi Karlsson, Lkl. Hængur

Fjölumdámissritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumdámissgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumdámissjórn: Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

Vara fjölumdámissjórn: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Protokol- og þingsjórn: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Dýnkur

Alþjóðasamskiptastjórn: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dýnkur

Markaðs- og kynningarstjórn: Niels Bjarki Finsen, Lkl. Laugardals

Umhverfisstjórn: Jóhanna Thorsteinsson, Lkl. Eir

Ritstjórn Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjórn: Sigurður Steingrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

GLT stjórn (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjórn (félagamál): Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

GST stjórn (verkefni) Bragi Ragnarsson, Lkl. Mosfellsbæjar

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjórn: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. Alþjóðastjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar(formaður): Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjórn: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður

Laganevnd (form.): Björgúlfur Þorsteinsson, Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjórn: Björn Guðmundsson, Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik

Medic Alert stjórn: Þór Steinarrson, Lkl. Fjörgyn

Formaður Kjaransorðunefndar: Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Jóhann Jónsson Lkl. Álfanes

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K. Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumdæmissjórn 109A Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Varaumdæmissjórn 109B: Sumarliði

Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Varaumdæmissjórn (annar) 109A:

Thelma Rós Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumdæmissjórn (annar) 109B:

Aðalsteinn Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2023 – 2024:

Alþjóðaforseti Dr. Patti Hill, Canada;

Fyrirverandi alþjóðaforseti Brian E. Sheehan, United States;

Vara alþjóðaforseti, Fabrício Oliveira, Brazil;

Annar vara alþjóðaforseti A.P. Singh, India;

Þriðji vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon, United States.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Ben Apeland, United States;

Jitendra Kumar Singh Chauhan, India;

Barbara Grewe, Germany;

Jeff Changwei Huang, China;

Tim Irvine, Australia;

Ron Keller, United States;

Gye Oh Lee, Korea;

Robert K.Y. Lee, United States;

R. Mathanagopal, India;

Manoel Messias Mello, Brazil;

Jay Moughon, United States;

Chizuko Nagasawa, Japan;

Dr. Ahmed Salem, Egypt;

Samir Abou Samra, Lebanon;

Pirkko Vihavainen, Finland;

Jürg Vogt, Switzerland;

Lee Vrieze, United States.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirotsuka, Japan.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og dreifing: Lionskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf. Forsíðumynd: Samsett mynd – Þorkell Cýrusson



Ritstjórnargreinin

Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað þessa starfsárs 2023 til 2024 komið út. Þetta blað er eingöngu netblað. Nokkrar spennandi greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og má nefna upplýsingar um þingið okkar sem verður á Álfanesi 10.-11. maí næstkomandi og þangað hvet ég alla lionsfélaga að mæta til að fræðast um hvað er á döfinni hjá hreyfingunni okkar um þessar mundir. Ég nefni sérstaklega grein frá Lionsklúbbum á Álfanesi þar sem þeir bjóða til þings. Margar aðrar greinar eru í blaðinu sem ég hvet ykkur til að lesa og væri of langt mál að telja þær allar upp hér.

Grein er um þá sem eru í framboði fyrir hreyfinguna og kynning á nokkrum þeirra en því miður bærust mér ekki fleiri kynningar sem er bagalegt. Nauðsynlegt er fyrir félagi að þekkja þá sem muni starfa í yfirstjórn fyrir okkur eins og til dæmis verðandi umdámissjórn.

Nokkur brögð hafa verið með það að félagar hafa verið að senda mér greinar í formi mynda eða sem pdf skjöl! Því miður get ég ekki notað þessar greinar eins og þær berast mér og hef því þurft að skrifa þær upp frá grunni sem er nokkur vinna og ég fer því fram á það við ykkur kærni félagar að passa það að senda mér greina á ritvinnsluformi (Word, Wordpad, Notepad eða sambærilegum hugbúnaði) til þess að ég geti unnið frekar með greinarnar.

Að gefnu tilefni þá bendi ég ykkur á að tillögur til þinganna okkar í vor þurfa að berast 45 dögum fyrir þing að öðrum kosti koma þær tillögur ekki til umræðu á þingunum. Þessar tillögur þurfa að berast riturum umdæmanna (tillögur sem taka skal fyrir þar) og fjölumdámissritara (tillögur sem taka á fyrir á fjölumdámissþingi). Tillögur þurfa að vera lagalega tækar til að fá umfjöllun.


Að lokum þakka ég þeim sem sendu greinar í blaðið og eins þakka ég þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjórn

Dr. Patti Hill

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,
Í gegnum 34 ára veru mína í Lions hef ég verið þakklát fyrir þá nánú vináttu sem ég hef hef myndað og samvinnuna sem ég hef upplifað í sjálfboðavinnu með öðrum Lions.

Þó að það séu margir kostir þess að vera Lions, þá er félagsskapurinn sem við upplifum kannski einn sá mikilvægasti. Við erum sjálfboðaliðar með þeim sem deila ástríðu okkar fyrir þjónustu. Við njótum þess tíma sem við verjum saman við þýðingarmikið starf í samfélögum okkar. Við vöxum líka gríðarlega sem einstaklingar á sama tíma og við vinnum sem teymi og lærum hvert af öðru.

Teymisvinna skilar nýjum hugmyndum og meiri árangri. Að vinna saman gefur okkur ný sjónarhorn og leiðir til að líta á heiminn og að þjóna öðrum hjálpar okkur að verða betri manneskjur. Að vera meðlimur í lionsklúbba

gerir okkur betri á svo margan hátt og það hvetur aðra til að vilja ganga til liðs við okkur.

Hugsaðu um leiðir sem klúbburinn þinn getur aukið teymisvinnu sína. Kannski er það að bæta við fleiri meðlimum með sérstaka hæfileika eða bakgrunn. Kannski er það að taka höndum saman við aðra klúbba um þjónustuverkefni eða fá fleiri meðlimi til að taka þátt í leiðtogahlutverkum. Þegar við stækjum saman erum við meiri saman. Svo haltu áfram að leita tækifæra til að byggja upp og hlúa að klúbbum þínum.

*Lionskveðjur,
Dr. Patti Hill
Alþjóðaforseti Lions*



Fjölmæmisstjóri

Sigríð Andradóttir,

fjölmæmisstjóri MD 109



Apríl er mánuður fjölskyldu og vina og eins ávallt mikilvægara að styrkja þau bönd. Partur af því að vera í Lions eru allir þessir góðu vinir sem ég hef eignast í gegnum árin.

Það hefur aldrei fyrr verið eins nauðsynlegt fyrir okkur lionsfélaga að hittast, fræðast og

hafa gaman saman. Árin eftir Covid hafa verið erfið fyrir alla félagsstarfsemi í landinu, já, öllum heiminum. Lionsfélögum fækkar en þá er einmitt upplagt að mæta á Fjölmæmisþingið sem verður haldið á Álftanesi 10. – 11. maí.

Þeir félagar í Lkl. Álftaness eru með stuðningi Lkl. Seyla að skipuleggja þingið og verður mikið í það lagt. Vil ég hvetja alla lionsfélaga til að fjölmenna hvort sem þau eru að fara í stjórn eða ekki. Það hefur margsannað sig að þeir klúbbar sem eru duglegir að senda sínar verðandi stjórnir á þing eru sterkustu klúbbarnir í fjölmæminu. Ég vil sérstaklega benda á kynningarkvöldið á föstudeginum 10. maí og svo lokahófið þann 11. maí en þar býðst ágætis tækifæri fyrir klúbba að fjölmenna með sína féлага til að halda smá árshátíð fyrir sig og sína.

Nú styttest á annan endann á þessu ári mínu sem fjölmæmisstjóra, fjölmæmisþingið í byrjun maí, ég fæ að mæta sem fulltrúi Íslands á fjölmæmisþingið í Danmörku og 27.-28. maí verður opinber heimsókn alþjóðaforseta Patti Hill. Venjan hefur verið sú að undanfarin

ár jafnvel áratuginu hefur alþjóðaforseti heim-sótt okkur á haustin en á þessu starfsári varð breyting á því. Við erum aðeins byrjuð að skipuleggja þá heimsókn og liður í því er að reyna að finna skemmtileg verkefni sem klúbbar hafa verið að gera í vetur og hægt er að sýna henni.

Ég hef fulla trú á því að við eigum eftir að vaxa saman og verða aftur jafn öflug og við vorum fyrir nokkrum árum. Á Íslandi eru tvö umdæmi sem mynda fjölmæmið MD 109 og það er mín skoðun að við eigum að halda í fjölmæmið með öllum ráðum t.d. með góðri samvinnu á milli umdæmanna, öflugum verkefnum bæði í klúbbum og í fjölmæminu sbr. Rauðu fjaðrar söfnun sem verður á næsta starfsári, skemmtilegum félagsskap og ódrepanði áhuga á að láta gott af okkur leiða.

Eins og einkunnarorðin mín segja: Saman vöxum við.

*Með lionskveðju
Sigríð Andradóttir*

Skilafrestur á efni í næsta blað er 30. maí



Frá LCIF teymi MD 109

LCIF stendur fyrir Lions Clubs International Foundation, á íslensku Alþjóðahjálparstjórn Lions

Tilgangur LCIF er að styðja Lionsklúbba, sjálfbóðaliða og samstarfsaðila við að bæta heilsu og vellíðan og styrkja samfélög. Styðja við þá sem þurfa á aðstoð að halda með mannúðarstarfi og styrkjum, sem hafa áhrif á líf fólks á heimsvísu og hvetja til friðar og alþjóðlegs skilnings.

Við undirrituð skipum LCIF teymi fjöllumdæmisins, í teymið er skipað til þriggja ára í senn af stjórn LCIF.

Fjármögnun LCIF

Allt mannúðarstarf LCIF er fjármagnað með sjálfsaflafé frá lionsfélögum, Lionsklúbbum, almenningi, fyrirtækjum og öðrum samstarfsaðilum. Langstærstur hluti fjárframlaganna kemur í gegnum Melvin Jones framlög klúbba og einstaklinga. Af framlögum fer ekkert í rekstur heldur fara öll framlög í hjálparstarf sjóðsins.

Markmið þessa árs

Í upphafi hvers starfsárs er LCIF teyminum í okkar heimshluta boðið á helgarnámskeið sem felur í sér rækilega kynningu á sjóðnum, kynningu á helstu verkefnum auk markmiðasetningu hvers starfsárs. Á þessu starfsári er ætlun LCIF að safna USD 50.000.000. Það þýðir að ætlat er til að framlög á hvern féлага verði um USD 28. Þar sem að Ísland er ríkt land miðað við mörg önnur svæði í heiminum þá settum við okkur þau markmið að framlög á hvern féлага á Íslandi yrðu USD 50 eða rétt um kr. 7.500.- á starfsárinu.

Starfsemin

Það er góð virkni í teyminu við fundum reglulega á netinu og notum okkur alla þá samskiptamiðla sem við kunnum á. Við höfum haft þá reglu að skrifa fræðslugreinar í öll tölublöð Lionsblaðsins, við sendum klúbbum og félögum bréf til að óska eftir framlögum til sjóðsins. Við bjóðumst til að mæta á svæðisfundi, klúbbfundi auk þess að tala um sjóðinn á fundum umdæmis- og fjöllumdæmisráðs. Fyrir í vetur höldum við opinn fund á vefnum fyrir alla lionsfélaga þar sem við kynntum starfsemi ársins og helstu verkefni sem eru í gangi. Uppþaka af fundinum er aðgengileg á Lions mál.

Nú eru tveir klúbbar með umsóknir hjá sjóðnum vegna sinna verkefna og vonumst við til að báðir fái styrki, þar er því verið að auka afl íslenskra lionsfélaga í báðum tilfellum til verkefna á Íslandi.

Jarðskjálftar og eldgos á Reykjanesskaga

LCIF teymið ásamt Guðrúnu Björt Yngvadóttur fyrrv. alþjóðaforseta hefur verið í sambandi við höfuðstöðvar LCIF og upplýst um stöðuna þar. Við höldum opnum möguleikum á styrkveitingu þaðan þegar það verður tímabært.

Fjáröflun á Íslandi

Við ákváðum að hvetja klúbba til þess að gefa til sjóðsins t.d. með því að kaupa styrktarpinna. Það eru margar leiðir til þess að styrkja sjóðinn og hljóta ýmsar viðurkenningar, t.d. geta klúbbar orðið 100% styrktarklúbbar ef gefið er að lágmarki USD 50 í nafni allra félaga til sjóðsins.

Í janúar bauðst okkur að taka þátt í finnsku umdæmisverkefni þar sem markmiðið var að framleiða og afhenda 10.000 viðareldavélar til Úkraínu. Við hættem þá að leggja áherslu á pinnana og fórum á fullu afli í að kynna það verkefni og settum þungan af starfi okkar í það. Við settum okkur markmið um að frá okkur kæmi andvirði 500 véla og erum við nokkuð örugg um að við náum því marki, það er þó háð því við fáum framlög frá einhverjum af þeim klúbbum sem að enn eiga eftir að gefa til söfnunarinnar. Björg Bára Halldórsdóttir fyrrv. fjöllumdæmisstjóri hefur unnið með okkur að þessu verkefni.

Eigum við að styrkja hjálparstarf erlendis?

Á kynningarfundum okkar kemur upp, jafnvel frá félögum sem hafa verið í forystu árum og áratugum saman sýndu skoðun að þeirra Lionsklúbbar eigi bara að hugsa um nærumhverfið þar sé svo mikil þörf og neyð. Því er til að svara að Lionshreyfingin er stærsta sjálfbóðaliðahreyfing í heiminum með starfsemi í yfir 200 löndum, við vinnum að verkefnum þvert yfir heiminn - það er styrkur Lions. Markmið teymisins er að allir klúbbar gefi til LCIF á hverju ári og helst allir félagar einnig.

Að lokum

Það eru forréttindi að fá að starfa að málefnum LCIF, fá að kynnast öllum þeim verkefnum sem sjóðurinn vinnur að í samvinnu við lionsfélaga víðsvegar um heiminn. Því miður virðist þörfin fyrir sjóðinn vaxa sem kallar á þátttöku okkar allra bæði með fjárframlögum og vinnuframlagi.

Nú hafa borist framlög frá Íslandi til LCIF að fjárhæð um kr. 13.000.000.- sem samsvarar rúmum 52 dollurum á hvern féлага á Íslandi. Því miður er langur vegur frá því að allir klúbbar taki þátt og er það verkefni okkar allra að taka saman höndum því að þörfin er mikil.

Það er von okkar að þeir sem eiga eftir að gefa til sjóðsins á þessu starfsári ljúki því á næstu vikum, þannig að við getum greint frá því á þinginu okkar á Álfanesi í maí að 100% þátttaka sé í báðum umdæmum.

Ekki hika við að hafa samband ef við getum aðstoðað eitthvað í sambandi við framlög til LCIF eða við umsókn um styrki þaðan.

Með lionskveðju

Anna Fr. Blöndal

Björn Guðmundsson

Geirþrúður F. Bogadóttir

annabl@simnet.is

bjorn@byggd.is

gfb@ismennt.is

Lækkun þinggjalds og þingfararstyrkur

Fjölumdamisþing á Álftanesi 10.–12. maí 2024

Stefán Árnason,

fjölumdamisgjaldkeri



Félagar	Árgjald á féлага 2023-2024	Samtals greitt árgjald	Fjöldi þing-fulltrúa	Lækkun þinggjalds kr. 8.500	Lækkun þinggj. % af gr. árgj.	Þingstyrkur v/fjartægð	Þingstyrk. % af gr. árgj.	Heildar áhrif % af gr. árgj.
10	17.767	177.670	3	25.500	14,4%	60.000	33,8%	48,1%
15	17.767	266.505	3	25.500	9,6%	60.000	22,5%	32,1%
25	17.767	444.175	3	25.500	5,7%	60.000	13,5%	19,2%
35	17.767	621.845	4	34.000	5,5%	80.000	12,9%	18,3%
45	17.767	799.515	5	42.500	5,3%	100.000	12,5%	17,8%
55	17.767	977.185	6	51.000	5,2%	120.000	12,3%	17,5%
Samtals		3.286.895	24	204.000	6,2%	480.000	14,6%	20,8%

Á gætu lionsfélagar.

Með þessum skrifum vil ég minna á þær breytingar sem orðið hafa á fjárhagslegri kostnaðarskiptingu þinghaldara og fjölumdamisins. Þessar breytingar voru gerðar í kjölfar vinnu nefndar sem skipuð var af fjölumdamisstjórn starfsárið 2021 – 2022. Nefndin hafði það hlutverk að fara yfir og gera tillögu að breytingum á þinghaldinu hvað varðar fjárhagslega aðkomu þess. Einnig var nefndinni falið að skoða mögulegar breytingar á dagskrá og umgjörð þinganna.

Með breyttri aðkomu fjölumdamisins tók það á sig meiri kostnað við fjölumdamisþingið

og var þá hægt að lækka þinggjaldið úr kr. 13.500.-, sem það hefði þurft að vera í dag, í kr. 5.000.-.

Þá var einnig ákveðið að styrkja klúbba sem eru í meira en 150 km fjarlægð frá þingstað fjölumdamisþings vegna dvalar- og ferðakostnaðar. Styrkuppshæð 2024 er kr. 20.000.- fyrir hvern þingfulltrúa klúbbs. Sótt er um styrkinn að loknu þingi. Skilyrði styrkveitingar er að þingfulltrúi hafi setið allt þingið.

Eins og sjá má í töflu hér að ofan fær klúbbur sem er með 15 féлага og sendir 3 fulltrúa á fjölumdamisþing 9,6 % af greiddu árgjaldi starfsársins 2023 - 2024 til baka vegna lækkunar þinggjalds, úr 13.500.- í kr. 5.000.-. Ef þessi klúbbur á rétt á þingstyrk fær hann 32,1% af greiddu árgjaldi til baka. Vonast er til að þessi breyting á þinggjaldi og

þingstyrkur verði til þess að fleiri klúbbar sjái sér fært að senda fulltrúa sína bæði í skóla þingsins og á umdamis- og fjölumdamisþing.

Samhliða þessum breytingum á fjárhagslegri aðkomu fjölumdamisins taldi nefndin að nauðsynlegt væri að gera breytingar á skipulagi fjölumdamis- og umdamisþinga. Tilgangur þessara breytinga er að fá **lionsfélaga til að fjölmenna á skemmtilegt, lifandi og áhugavert þing sem kalli fram meiri umræðu um innra starf hreyfingarinnar. Oftar verði horft fram á vegin, umræðan verði fræðandi og skemmtileg. Námsstefnur og öflugir fyrirlesarar verði fengnir til að aðstoða okkur við að móta starfið svo og að aðstoða við markaðs- og kynningarmál. Síðast en ekki síst eiga þingin að vera vettvangur til að styrkja vináttu með samveru, samvinnu og að gleðjast saman á kynningarkvöldi og á „Lionshátíðinni“.**

Kæru lionsfélagar. Ég hvet stjórnir lionsklúbba til að senda fulltrúa á þingið sem haldið verður 10. til 12. maí á Álftanesi. Þannig getið þið tekið virkan þátt í að móta starfið. Lionsþingið, kynningarkvöldið og lionshátíðin er opin öllum lionsfélögum. Þar gefst tækifæri til að hitta lionsfélaga alls staðar að af landinu, spjalla og treysta vinabönd.



Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Hugleiðing um ORKESTER NORDEN, ON

Friðrik Hansen Guðmundsson,
Umdæmisstjóri 109 A



Eitt af þessum verkefnum sem hafa verið í gangi í Lions hreyfingunni á Norðurlöndunum síðustu 30 ár er Orkester Norden, ON. Komið hefur til tals að Ísland verði getgjafi ON á árunum 2026 – 2027. ON er 80-100 manns Sinfóníu hljómsveit skipuð á hverju ári nýju ungu fólki sem kemur saman tvær vikur í júlí. 10 dagar fara í æfingar og 4 dagar í tónleikahald. Áætlaður kostnaður á ári er metinn um kr. 40 milljónir. Miðað við þær hækkanir sem gengið hafa yfir þá má áætla kostnað kr. 40-50 milljónir. Á þessum 2 árum þá erum við að tala um að Íslenska Lions hreyfingin mun skuldbinda sig fyrir kr. 80-100 milljónum til að halda úti þessu verkefni.

Kostnaður 80-100 milljónir

Þessi kostnaður er til kominn vegna gistingu 80-100 manna og fullt fæði í hálfan mánuð, æfingasál sem rúmar 100 manna hljómsveit, salir til tónleikahalds þessa fjóra daga sem hljómsveitin verður við tónleikahald ásamt rútum. Eins laun starfsmanns en talið er nauðsynlegt að það verði einn starfsmaður í fullu starfi að undirbúa og skipuleggja starf hljómsveitarinnar. Í júlí á háferðamanna tímanum á Íslandi verður ekki auðvelt að finna ódýra gistingu eða mat og kaffi. Þessi mikli kostnaður og þessi mikla fjárskuldbinding upp á hátt í kr. 100 milljónir sem í því felst að Ísland taki að sér ON á árunum 2026-2027 yrði stærsta verkefnið og mesta fjárhagsskuldbinding sem Íslenska Lions hreyfingin hefur tekið að sér.

Hingað til þá hefur Norræna ráðherraráðið komið árlega með um kr. 30 milljónir inn í þetta verkefni. Ráðið hættir í ár með þennan beina styrk til ON og nú þarf Lions eins og fjölmargir aðrir að sækja um styrk hjá ráðinu. Það mun fylgja því óvissa á hverju ári, hverjir

fá styrk og hverjir ekki, ásamt óvissu um upphæð. Svenska Kulturfonden hefur líka stutt ON fjárhagslega. Þetta er sjóður sem styrkir menningarstarf milli Svíþjóðar og Finnlands og hefur styrkt ON þar sem hljómsveitin er nú í Finnlandi. Líklegt er að þessi sjóður hætti að styrkja ON fari hljómsveitin til Íslands. The Carl Nielsen and Anne Marie Carl-Nielsen Foundation og finnska bæjarfélagið Lahit þar sem ON hefur haldið til síðustu árin hafa líka stutt ON síðustu ár. Styrkurinn frá finnska bæjarfélaginu dettur örugglega út fari hljómsveitin til Íslands. Hinn sjóðurinn um kannski styrkja ON áfram. Allt er því í óvissu með hverjir koma til með að styrkja þetta verkefni komi það til Íslands. Fjármögnun verkefnisins hér á landi er því í fullkominni óvissu.

Umdæmisstjórnir hafa sagt þvert nei

Rétt er í þessu samhengi að minna á að Umdæmisstjórnir eru persónulega ábyrgir fyrir rekstri Umdæmanna og þar með allrar Lions hreyfingarinnar. Það er því mikill ábyrgðarhluti að samþykkja að Lions hreyfingin taki að sér hátt í 100 milljón króna verkefni með fjármögnun þess í mikilli óvissu. Það er því kannski ekki að undra að núverandi Umdæmisstjórnar kváðu þvert nei við í haust þegar rætt var um hvort Ísland ætti að taka að sér ON þessi tvö ár. Þessa ákvörðun þarf að taka á þessu ári, það er í mesta lagi hægt að draga ákvörðun aðeins fram á næsta ár en ekki lengur.

Þó svo við Umdæmisstjórnir höfum sagt nei í haust við því að ON komi til landsins þá hefur þetta verkefni „vængi“ því á Norræna Lions þinginu í Ósló í janúar mátti finna þetta í skjölum þings um ON:

Future of Orkester Norden looks bright. Managing Director of Symphony Iceland Lára Sóley Jóhannsdóttir is very excited and eager to prepare and organize two years of Orkester Norden hosting in Iceland in 2026-2027.

Svo ég snari þessu í fljótheitum yfir á Íslensku þá stendur þarna:

Framtíð ON er björt. Framkvæmdastjóri Sinfóníu hljómsveitar Íslands Lára Sóley Jóhannsdóttir er mjög hrifinn af því að fá og undirbúa komu ON til Íslands 2026-2027.

Þegar við Íslendingarnir spurðum út þetta skjal þá kom þetta svar frá forráðamönnum ON:

I have asked Lára if she could, in the Icelandic Symphony, build up the Host Committee in Iceland and invite only one Lion from Iceland in the committee without any leadership role and without any financial responsibilities.



Ingibjörg Ragna Óladóttir og Friðrik Hansen Guðmundsson.



Fáni Friðriks.

Svo ég snari þessu líka í fljótheitum yfir á Íslensku þá stendur þarna:

Ég spurði Láru ef hún gæti, í Íslensku Sinfóníu hljómsveitinni, búið til Gestgjafa nefnd á Ísland sem myndi svo bjóða einum aðila frá Íslensku Lions hreyfingunni í nefndina og væri sá aðili ábyrgðalaus af stjórnun og sér ekki um greiðslu reikninga.

Þegar þetta var svo borið undir Lára þá upplýsti hún að Sinfóníu hljómsveitin myndi ekki koma að þessu verkefni með neinum öðrum hætt en hún sjálf sem faglegur ráðgjafi í tónlistarstarfinu. Allur kostnaður og umsýsla með ON á Íslandi í þessi tvö ár yrði alfarið í höndum Lions hreyfingarinnar og væntanlegs starfsmanns sem Lions þarf að ráða til að sjá um hljómsveitina.

Hin Norðurlöndin vilja ekki hýsa ON

Nú er það þannig að ON verkefnið virðist hafa runnið sitt skeið á enda. Þar kemur þetta til:

- Kostnaður við að halda úti þessu verkefni er allt of hár
- Lions félagi greinir á um ef rétt er að fjármagna verkefni sem þetta úr Líknarsjóðum klúbbana
- Danmök og Noregur hafa list því yfir að þau eru ekki tilbúin að taka verkefni að sér, nú þegar Norræna Ráðherraáæðið hefur hætt sínum beina fjárstuðningi
- Finnland vill losna við verkefnið og upphafsland verkefnisins Svíþjóð er heldur ekki tilbúin að taka verkefnið
- Upplýst er að Norski Lionsfélaginn Anne Kathrine Fossum hefur sagt að hún mun leggja fram tillögu á NSR þinginu 2025 að Norrænu Lions hreyfingarinnar hætti með verkefnið Orkestra Norden.

Ef staðan er þannig að forsvarsmenn ON og hinar Lions hreyfingarnar halda að við Íslendingar viljum ólm taka að okkur ON á árunum 2026-2027 þá er það bara þannig að Anne Kathrine Fossum mun ekki leggja fram sína tillögu á NSR þinginu 2025 um að Norrænu Lions hreyfingarinnar hætti með Orkestra Norden. Hún er ekki að fara að eyðileggja þetta tækifæri fyrir okkur Íslendingum og föstra þessa hljómsveit í tvö ár.

Kjósum á Umdæmisþingi 109A um hvort ON komi til Íslands

Það er ljóst að ON á sér sína aðdáendur á Íslandi og það eru ófáir klúbbar sem styðja starf ON með beinum fjárframlögum. En er vilji meðal klúbbana að Ísland taka að sér hljómsveitina í tvö ár? Við Umdæmisstjórnarnir segjum nei, en hvað vilja Lions félagarnir í Umdæmi 109A?

Ég held að það sé bara ein leið til að svara þeirri spurningu og sú leið er að leggja

eftirfarandi tillögu fyrir komandi Umdæmisþingi 109A á Álftanesi í maí:

„Umdæmi 109A telur verkefnið Orkestra Norden allt of stórt og kostnaðarsamt fyrir Íslensku Lionshreyfinguna. Verkefnið mun kosta um 80 til 100 milljónir á árunum 2026-2027. Umdæmi 109A vill ekki fá verkefnið til Íslands og mun ekki taka þátt, komi verkefnið til landsins“

Verði þessi tillaga samþykkt þá mun ég láta alla Umdæmisstjóra á hinum Norðurlöndunum vita af þessari samþykkt og að við vonum að Anne Kathrine Fossum muni leggja fram sína tillögu á NSR þinginu 2025, að Lions hætti með þetta verkefni.

Eftillaga verður felld þá eiga Umdæmisstjórnar á Íslandi á árunum 2026-2027 alla mína samúð.

*Friðrik Hansen Guðmundsson
Lions er lífstíll*

Minning + Úlfar Snæfjörð Ágústsson



Úlfar Snæfjörð Ágústsson er látinn, 83 ára að aldri. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Eyri á Ísafirði 22. mars. Úlfar Snæfjörð Ágústsson fæddist á Hlíðarenda á Ísafirði 3. júlí 1940. Foreldrar hans voru Guðmundína Bjarnadóttir (1911-1988) og Guðmundur Guðni Guðmundsson (1912-2008). Úlfar var ættleiddur af Ágústi Guðmundi Jörundssyni (1906-1964). Eiginkona Úlfars var Jósefína Guðrún Gísladóttir f. 24. janúar 1940 d. 22.

janúar 2018. Þau gengu í hjónaband 13. febrúar 1960. Synir Ínu og Úlfars eru Gautur Ágúst, f. 1961, d. 1978, Gísli Elís, f. 1969, Úlfur Þór, f. 1974, og Axel Guðni, f. 1978. Barnabörnin eru 9.

Úlfar kom víða við á starfsævi sinni. Að loknu gagnfræðaprófi stundaði Úlfar sjómennsku fram til tvitugs en þá hóf hann verslunarstörf í verslun Jóns Bárðarsonar á Ísafirði og síðan í versluninni Neista. Árið 1968 kaupir Úlfar svo í félagi við fleiri menn verslun Jóns Bárðarsonar sem stofnuðu í kjölfarið Hamraborg. Þeir opnuðu þrjár verslanir í framhaldinu. Seinna var rekstrinum skipt upp og kom Hamraborg í hlut Úlfars. Úlfar og Ína eiginkona hans áttu og ráku saman Hamraborg með glæsibrag fram til ársins 2003 er synir þeirra Gísli og Úlfur keyptu reksturinn. Úlfar og Ína áttu og ráku Hótel Hamrabæ á núunda áratugnum. Einnig var hann umboðsmaður bæði Arnarflugs og Íslandsflugs á Ísafirði og setti hann á stofn ferðaskrifstofu sem seldi utanlandsferðir. Úlfar var um 25 ára skeið fréttaritari Morgunblaðsins á Ísafirði auk þess sem hann var líka um tíma umboðsmaður þess á staðnum. Auk þess að skrifa fyrir Morgunblaðið ritstjórnari Úlfar líka og gaf út blaðið Vesturland um hrið. Úlfar var einstaklega vel máli farinn og góður penni.

Samfélags- og menningarmál voru Úlfari alla tíð hugleikin og fékk heimabærinn Ísafjörður að njóta krafta hans á mörgum sviðum. Úlfar gekk í Lionsklúbb Ísafjarðar 2. nóv. 1965 og lét strax mikið að sér kveða og var mjög virkur félagi enda mikill félagsmálamaður. Strax árið eftir 1966 var hann t.d. kominn í varastjórn klúbbsins, ritari árið 1967 og formaður 1969. Auk þess gegndi hann mörgum öðrum trúnaðarstörfum og hlutverkum í Klúbbnum og tók sæti í fjölmörgum nefndum. Þá gegndi hann einnig embættis og trúnaðarstörfum Lionshreyfingarinnar á Íslandi, var svæðisstjóri svæðis 4 í umdæmi 109B 1979 og umdæmisstjóri 109B 1981-1982. Hann hlaut ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín hjá klúbbnum s.s Melvin Jones fellow viðurkenningu árið 1985.

Úlfar kom oft með ferskar og nýjar hugmyndir inn í félagsstarfið enda þekktur fyrir að standa fyrir glæsilegum bæjarhátíðum líkt og Ísafjarðarhátíðinni og Siglingadögum og var þar hvergi slegið af í framkvæmd metnaðarfullra hugmynda hans. Hann átti frumkvæði að ferðalögum Lionsklúbbsins innanlands og utan ásamt ýmsum skemmtunum og uppákomum. Mörgum félögum er t.d. í minni svæðismót vestfirskra lionsmanna í Dynjandisvog í Arnarfirði. Þetta var fjölmenn fjölskylduhátíð sem Úlfar stjórnaði sem þáverandi svæðisstjóri 1979. Ína kona Úlfars tók einnig virkan þátt í skemmtunum og öðrum samkomum klúbbsins.

Okkur félögum hans í klúbbnum var kunnugt um að heilsu hans fór hrakandi síðustu misseri og var hans sárt saknað þegar hann gat ekki lengur tekið þátt í félagsstarfinu.

Við félagarnir í Lionsklúbbi Ísafjarðar sendum fjölskyldu hans innilegar samúðarkveðjur og að leiðarlokum þökkum við Úlfari störf hans í þágu Lions.

*f.h. Lionsklúbbs Ísafjarðar
Jón Reynir Sigurvínsson*

Búðir fyrir börn og ungmenni með sykursýki 1

Höf: Shelby Washington

“Camp Sweet Life” “Sumarbúðirnar ljúft líf” : Búðir fyrir börn og ungmenni með sykursýki 1 og fjölskyldur þeirra.

“Camp Sweet Life” búðirnar eru staðsettar í fallegu skógi vöxnu umhverfi við vatn í Suður Minnesota. Ráðgjafar á staðnum fræða um mikilvægi þess fyrir ungt fólk með sykursýki 1 að taka stjórn á eigin lífi.

Að lifa með sykursýki sem barn getur verið krefjandi. Það krefst stöðugs eftirlits og ábyrgðar sem kann að vera yfirþyrmandi fyrir unga manneskju. Anna Wickenhauser, fyrrverandi Umdæmisstjóri, segir: “Ég greindist með sykursýki 1 þegar ég var 15 ára og mér fannst heimur minn hrynja.”

Camp Sweet Life búðirnar standa í fimm daga (fjögurra náttu gisting) fyrir ungmenni á aldrinum 8 til 15 ára ásamt dagbúðum fyrir börn á aldrinum fimm til sjö ára. Markmið sykursýkisbúðanna er að bæta líf barna með sykursýki og fjölskyldna þeirra, með því að veita skemmtileg tækifæri til fræðslu og tengsla við aðra¹. Í búðunum er ýmiskonar fræðsla um sykursýki 1 og meðhöndlun hennar en síðast en ekki síst samverustundir, jafnvel við varðeld á kvöldin.

“Ég trúi á þetta verkefni vegna þess að það hjálpar krökkum að læra að sjá um sig sjálf og gefur þeim ábyrgðartilfinningu,” segir PDG Wickenhauser.

Búðirnar voru stofnaðar árið 2010 og innan tíu ára höfðu þær vaxið upp úr aðstöðunni þar sem þátttakendum fjölgaði um 311%. Með nýrri staðsetningu árið 2019 gat Camp Sweet Life stækkað, gæði og fjölbreytni í þjónustu, stuðningi og fræðslu fyrir fjölskyldurnar.

Lionsfélagar í Umdæmi 5M-2 sáu nauðsyn þess að stækka búðirnar og sóttu um styrk til Alþjóðahjálparsjóðs Lions (LCIF) og 2019 var umdæminu veittur styrkur að upphæð 37.500 Bandaríkjadali til að styrkja búðirnar. Styrkurinn fjármagnaði sjúkragögn, þjálfun ráðgjafa og forritunarkostnað.

LCIF styrkurinn kom sér mjög vel. Markmið okkar hefðu ekki verið möguleg án LCIF,” segir Timothy Emmers, forseti Camp Sweet Life. Auk þess voru lionsfélagar í sjálfboðavinnu við uppsetningu, skráningu og aðra starfsemi í búðunum.

Fleiri fjölskyldur geta nú tekið þátt í fræðslu um sykursýki, mælingar og lyfjagjöf. Auk þess fræðslu um mataræði og daglega hreyfingu sem skiptir máli fyrir þennan aldurshóp. Fyrir utan námstækifæri fá þau tækifæri til að umgangast aðra og byggja upp stuðningsnet jafningja með mætingu í búðirnar.

Emmers á tvær dætur með sykursýki af tegund 1 og hann segir: “Dóttir mín heldur enn traustu sambandi við vini sína í Camp Sweet Life.” Á búðasvæðinu er boðið uppá ýmiskonar námskeið og athafnasemi, vatnasport, listir og handverk, bogfimi, dans, náttúruskoðun, hópleiki og STEM² verkefni. Starfsmaður talaði um búðirnar og sagði: “Það er æðislegt að sjá sjálfstraust barnanna vaxa. Það er frábært að sjá þau eignast nýja vini og deila með hvort öðru reynslu sinni af sykursýki.”

LCIF sykursýkisstyrkir styðja við ungmennabúðir og félagsaðstöðu fyrir sykursjúka, skimun fyrir sykursýki og skipulagða eftirfylgni. Innviði og tækjakaup fyrir umönnunaraðstöðu fyrir sykursjúka og þjálfun starfsfólks. Hlekkur á upplýsingar um sykursýkisstyrki. Diabetes Grants.

Þýðing: Anna Blöndal



1 Búðirnar eru samþykktar af heilbrigðis yfirvöldum.

2 STEM er skammstöfun fyrir nálgun við nám og þróun sem samþættir svið vísinda, tækni, verkfræði og stærðfræði. Með STEM þróa nemendur með sér lykil færni við lausn vandamála og yfir undir skapandi hugsun.

Minning + Guðrún Karlsdóttir – f. 01.01.45 – d. 17.02.2024



Gengin er kær Lions vinkona, Guðrún Karlsdóttir, eftir harða en hetjulega baráttu við erfið veikindi. Hún lést á Landspítalanum við Hringbraut 17. febrúar sl.

Lionskonur í Rán vilja í nokkrum orðum minnst hennar og þakka samfylgdina, það var gott og gefandi að fá að njóta samvista við Gunnu í okkar góða hópi.

Gunna var stofnfélagi í Lioness-klúbbum Rán og síðan í Lionsklúbbum Rán 1994. Það var einmitt þar sem við kynntumst Gunnu svo vel og hennar mannkostum. Í litlu samfélagi þekkjast jú allir en í leik og starfi í klúbbum okkar myndast náin kynni og þar áttum við margar góðar samverustundir.

Frá byrjun tók Gunna virkan þátt í starfi Ránar. Hún sat í stjórn klúbbsins í ófá skiptin og sinnti þar öllum embættum meðal annars sem formaður 2003-04, svo var hún ritari og gjaldkeri auk þess að vera stallari og sídameistari. Einnig starfaði hún í hinum ýmsu nefndum klúbbsins og sinnti því öllu jafn vel.

Árið 2019 veittum við Ránarkonur henni Gunnu æðstu orðu Lionshreyfingarinnar, gerðum hana að Melvin Jones féлага og var hún vel að þeirri viðurkenningu komin.

Gunna var góður og traustur félagi, hún var samviskusöm og hörkudugleg kona en hún fór ekki hátt með það, hún gerði það sem gera þurfti, sama hvað á bjátaði. Hún var húmoristi og átti mörg hnyttin tilsvör sem hittu í mark, það var gaman að vera með henni í okkar góðra vana hópi og hlæja og gleðjast. En það var líka gefandi að ræða málin við hana, hún hafði oftast lausnir enda reynslumikil kona.

Gunna Karls var fædd í Hnífsdal og sleit þar barnsskónum. Hún útskrifaðist sem þroskaþjálfari frá Kópavogshælinu þar sem hún vann eftir skólagöngu á Héraðsskólanum á Núpi í Dýrafirði. Eftir það var hún kaupfélagsstjóri í Hnífsdal ásamt frænku sinni, auk annarra starfa.

Gunnu var ekki falið að fara auðveldustu leiðina í lífinu, ung missti hún unnusta sinn og bróður í sjúkslysi, hún varð ung ekkja sem átti von á barni, það var erfiður tími hjá okkar konu en með ædruleysi og seiglu tókst hún á við það.

Hún kynntist Úlfari eiginnmanni sínum og flutti til Ólafsvíkur 1969, þau eignuðust þrjú börn auk þess sem Úlfar gekk elstu dótturinni í föður stað. Hann lést árið 2011. Þau eiga glæsilegan afkomendahóp sem syrgir nú góða móður og ömmu auk föður og afa.

Fyrst í stað vann hún Gunna í Hróa hf. sem var fjölskyldufyrirtæki Úlfars. Síðan í 25 ár á leikskólanum Krílakoti í Ólafsvík sem þroskaþjálfari, deildastjóri og leikskólustjóri og endaði þar starfsævina 70 ára að aldri.

Gunna var mikil lionskona og sést það vel á því að hún eignaðist þrjár dætur og eru tvær þeirra Kristjana og Þórey í Ráninni og einnig tvö barnabörn hennar, þær Sigurbjörg og Jóhanna, dætur Kristjónu.

Síðustu ár voru Gunnu okkar oft erfið í baráttu hennar við krabbamein en alltaf var hún hjartsýn og jákvað. Henni þótti vænt um klúbbinn sinn og um okkur Lions vinkonur sínar og er það svo sannarlega gagnkvæmt. Hennar er sárt saknað og allar minnumst við hennar með hlýju og kærleik og þakklæti fyrir starf hennar í klúbbum og ánægjulegar samverustundir. Elsku Gunna takk fyrir allt.

Er við litum um öxl
til ljúfustu daga
líðinnar ævi,
Þá voru það stundir
í vinarhópi
sem veittu okkur
mesta gleði.
„NICO“

Elsku fjölskylda, elsku Kidda, Þórey, Sigurbjörg og Jóhanna, við sendum ykkur okkar innilegustu samúðarkveðjur.

Lionsklúbburinn Rán.
Olga Guðrún, formaður.
Björg Bára, fv. fjöllumdæmisstjóri.



Vitundarvakning þjóðar

– gigtarsjúkdómar og sjálfsöfnæmi

Katrín Þórarinsdóttir,


Yfirlæknir gigtarlækninga LSH



Á síðustu árum hefur ákveðin vitundarvakning átt sér stað erlendis hvað varðar sjálfsöfnæmissjúkdóma. Talið er að um 1 af hverjum 10 séu með sjálfsöfnæmissjúkdóm af einhverjum toga en algengi þessara sjúkdóma virðist vera að aukast frekar en minnka (Mynd 1) [1, 2]. Þetta eru langvarandi sjúkdómar sem valda vanlíðan, vinnutapi og örorku einstaklinga í samfélagum og leiða til mikils kostnaðar bæði fyrir sjúklinga og heilbrigðiskerfið [1, 2]. Í nýlegri skýrslu þar sem farið er yfir rannsóknir á þessu sviði í Bandaríkjunum kemur bersýnilega í ljós að mikið vantar upp á upplýsingar varðandi sjálfsöfnæmi m.a. vegna þess að engin miðlæg skráning er til staðar fyrir sjálfsöfnæmissjúkdóma [3]. Þörf er á betri skráningu en dæmi á Íslandi um miðlega skrá er t.d. krabbameinsskráin, sem veitir yfirgrípsmikla og dýrmæta vitneskju. Þessar upplýsingar eru notaðar til þess að bæta þjónustu við sjúklinga en einnig til þess að skilja betur sjúkdómanna sem um ræðir.

Þegar um sjálfsöfnæmi er að ræða þá fer ónæmiskerfi líkamans úr skorðum og byrjar að ráðast á eigin líffæri en gigtarsjúkdómar falla að stórum hluta undir sjálfsöfnæmissjúkdóma [4]. Ekki er vitað af hverju fólk þróar með sér sjálfsöfnæmi en líklegt er að það sé vegna samblands af erfðum og áhrifum umhverfis. Fólk með sjálfsöfnæmissjúkdóm er í aukinni áhættu á að þróa með sér aðra sjálfsöfnæmissjúkdóma sem og hjarta- og æðasjúkdóma og í sumum tilfellum er það í aukinni áhættu á að fá krabbamein [3, 5]. Í gigtarsjúkdómum er mikilvægt að greining sjúkdóms gerist snemma í sjúkdómsferlinu svo hægt sé að koma í veg fyrir skaða á stoðkerfi eða viðkomandi líffæri. Því er mikilvægt að fræðsla heilbrigðisstarfsfólks og almennings sé efl.

Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum var stofnuð árið 1996 m.a. fyrir tilstuðlan Lions hreyfingarinnar eftir landsöfnun með sölu á rauðu fjöðrinni. Rannsóknarstofan hefur einbeitt sér að rannsóknum á gigtar- og sjálfsöfnæmissjúkdómum: Iktsýki, psoriasis gigt, hryggikt og rauðum úlfum. Það hefur náðst mjög góður vísindalegur árangur með birtingu fjölda vísindagreina, útskrift doktorsnema og samvinnu við erlenda háskóla. Rannsóknarstofan og gigtardeild LSH stefna nú á að styrkja núverandi gagnagrunn og rannsóknarinnviði Rannsóknarstofunnar. Einnig er brýnt að auka fræðslu og kynningu á sjálfsöfnæmi og gigtarsjúkdómum.



Mynd 1 sýnir nokkur dæmi um auknið algengi sjálfsöfnæmissjúkdóma. Mynd er tekin úr grein Miller, F.W. *Curr Opin Immunol*. Vol 80. 2023 [1].

Rannsóknarstofa í gigtarsjúkdómum biðlar því til Lions hreyfingarinnar að halda áfram þeirri samvinnu sem hófst fyrir um þrjátíu árum og styðja okkur áfram í næsta áfanga nútímavæðingu rannsóknarstofunnar og fræðslu almennings um þetta mikilvæga málefni.

1. Miller FW: **The increasing prevalence of autoimmunity and autoimmune diseases: an urgent call to action for improved understanding, diagnosis, treatment, and prevention.** *Current opinion in immunology* 2023, **80**:102266.
2. Conrad N, Misra S, Verbakel JY, Verbeke G, Molenberghs G, Taylor PN, Mason J, Sattar N, McMurray JVV, McInnes IB *et al*: **Incidence, prevalence, and co-occurrence of autoimmune disorders over time and by age, sex, and socioeconomic status: a population-based cohort study of 22 million individuals in the UK.** *Lancet* 2023, **401**(10391):1878-1890.
3. **Enhancing NIH Research on Autoimmune Disease.** In.: The National Academies Press; 2022.
4. Fridkis-Hareli M: **Immunogenetic mechanisms for the coexistence of organ-specific and systemic autoimmune diseases.** *J Autoimmune Dis* 2008, **5**:1.
5. Conrad N, Verbeke G, Molenberghs G, Goetschalckx L, Callender T, Cambridge G, Mason JC, Rahimi K, McMurray JVV, Verbakel JY: **Autoimmune diseases and cardiovascular risk: a population-based study on 19 autoimmune diseases and 12 cardiovascular diseases in 22 million individuals in the UK.** *Lancet* 2022, **400**(10354):733-743.

Minning † Jónas Hallgrímsson



Látinn er félagi okkar Jónas Hallgrímsson.

Jónas gekk til liðs við Lionsklúbb Akraness þann 10. desember 1982 og hefur því verið félagi í rúm 40 ár. Hann hlaut Melvin Jones viðurkenningu árið 2011. Jónas var gjaldkeri klúbbsins starfsárið 1987 – 1988. Þá var hann meðstjórnandi starfsárið 1991 – 1992. Hann starfaði í mörgum nefndum innan klúbbsins og oft var hann formaður. Má þar

nefna Ferðanefnd, Skemmtinefnd, Stjórn líknarsjóðs Skógræktarnefndar og Hússtjórn. Jónas mætti afar vel á klúbbfundum og var oftast en ekki með 100% mætingu. Hann tók þátt í viðburðum á vegum klúbbsins og

fjáröflunum eins og hann gat. Seinni árin fór hann í ferðir á vegum klúbbsins en átti erfitt með þátttöku í fjáröflunum vegna líkamlegra þátta. Ég minnst þess að á því tímabili sem hann var á sjó og gat edlilega ekki mætt á fundum vegna starfa sinna, þá var það segin saga að þegar nafnakall var viðhaft á fundum, þegar nafn Jónasar var lesið upp að menn brustu í söng með orðunum “Á sjó”. Það er alltaf sárt að sjá á eftir góðum félagi en svo er gangur lífsins. Við félagarnir í Lionsklúbbi Akraness sendum fjölskyldu Jónasar okkar dýpstu samúðarkveðjur á þessari erfiðu stund. Hafi hann mikla þökk fyrir sín störf í þágu Lionsklúbbs Akraness. Guð blessi minningu Jónasar Hallgrímssonar.

f.h. félagi í Lionsklúbbi Akraness
Benjamín Jósefsson



Minning † Sigurbjörn Jóhann Karlsson



Fallinn er frá góður félagi Sigurbjörn Jóhann Karlsson sem lést hinn 13. mars síðastliðinn og fylgjum við honum til hinstu hvílu þann 23 mars síðastliðin.

Sigurbjörn eða Bjössi á Smyrlabjörgum eins og hann var alltaf kallaður var virkur félagi í Lionsklúbbi Hornafjarðar um áratugaskeið, Bjössi var félagslyndur og ötull félagi, tók þátt í starfinu, sinni öllum trúnaðarstörfum klúbbsins og sumum oftast en

einu sinni. Hann átti gott með að fá menn með sér og ná því besta fram hjá félögum.

Bjössi var greiðvikinn og hjálpsamur hann lét sig aldrei vanta til starfa með klúbbum þótt vegalengdin frá Smyrlabjörgum til Hafnar

sé smá spotti, alltaf var hann mættur með sína léttu lund og góðu nærveru, sama hvert verkefnið var og gekk í öll störf jákvæður og traustur.

Bjössi og Laufey kona hans voru dugleg við að bjóða lionsfélögum að koma og halda veislur sínar og fundi á Smyrlabjörgum hjá þeim, þar var oft glatt í góðra vina hópi, stundir sem ber að þakka og minnst með hlýhug.

Ekki hefði okkur dottið í hug að skemmtiferð okkar lionsfélaga til Ríga í nóvember síðastliðnum yrði okkar síðasta ferð með Bjössa, þar sem í við áttum góðar stundir, sagðar sögur og mikið hlegið. Við kveðjum Bjössa núna með virðingu og hlýhug, hans verður sárt saknað.

Við vottum Laufeyju, börnum, tengdabörnum, barnabörnum og systkinum okkar dýpstu samúðarkveðju.

Lionsklúbbur Hornafjarðar

Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Ríkislögreglustjóri hefur nýlega gefið út þá vinnureglu að við hvert embætti hjá lögreglunni á Íslandi, alls 9 talsins, sé starfrækt samfélagslögregla.

Starf samfélagslögreglu gengur út á að fræða nemendur á öllum skólastigum en einnig vera tengiliður lögreglu inn í nær samfélagið og færa lögregluna nær fólkinu.

Þannig starfrækir samfélagslögreglan vinnuhóp með félagsþjónustu, bæjaryfirvöldum, barnavernd og fleiri til að sinna nýjum lögum um samþættingu á þjónustu í þágu farsældar barna.

Símon Geir Geirsson varðstjóri og samfélagslögreglumaður við embætti lögreglustjórans í Vestmannaeyjum hefur unnið mikið starf í Vestmannaeyjum sem samfélagslögreglumaður ásamt Dóru Kristínu Guðjónsdóttur lögreglukonu.

Hafa þau til að mynda verið með umferðarfræðslu í leikskólunum í Vestmannaeyjum þar sem þau kynna Lúlla Löggubangsa fyrir nemendum en Lúlli er að læra umferðarreglurnar með krökkunum. Hafa þau þá gefið börnunum litabók, liti, höfuðbuff og endurskinsmerki eftir heimsóknina og hefur það reynst vel svo krakkarnir eigi jákvæða og góða reynslu af heimsókn lögreglu.

Þá hafa Símon og Dóra einnig haldið umferðarfræðslu fyrir 1. til 4. Bekk í Grunnskóla Vestmannaeyja og fengu nemendur þeirra bekkja einnig höfuðbuff og endurskinsmerki að gjöf eftir heimsóknina.

5. bekkur til 10. bekkur Grunnskóla Vestmannaeyja hafa síðan fengið fræðslu sem er viðeigandi þeirra aldurshóp, hvort sem það er umferðarfræðsla eða fræðsla um ofbeldi eða starfrænt kynferðisofbeldi.

Í starfi sínu sem samfélagslögreglumaður hefur Símon þróað það starf mikið og er sá eini á landinu sem hefur tekið þátt í þróunarverkefni á vegum ríkislögreglustjóra þar sem unnið er að því að samfélagslögreglumenn færi út kvíarnar og starfi á stafrænum vettvangi til að nálgast börn og ungmenni. Hefur þessi vinna aðallega farið fram í gegnum leiki og hefur Símon verið að þróa vinnu sína í gegnum leikinn Fortnite.

Hann hefur sjálfur til að mynda staðið straum að tösku þar sem Playstation 5 leikjatölva er innanborðs og er skjár inni í loki töskunnar. Þannig getur Símon ferðast með töskuna og spilað við ungmenni einnig í raunheimum, t.d. í frímínútum í skóla en einnig á kaffihúsum bæjarins.

Í erindi Símonar á fundi Lionsklúbbs Vestmannaeyja sagði Símon frá hversu gríðarlega mikil fjölgun væri í notkun tölvuspila og þá bæði í farsímum, leikjatölvum og í pc tölvum. Á örfáum árum væri notkunin búin að margfaldast. Krakkar í dag væru í meira magni hættir að fara út að leika sér í fótbolta eða í öðrum útileikjum en leika sér frekar í tölvuleikjum. Þá kom fram í erindi hans að enn stundi börnin í Vestmannaeyjum íþróttaæfingar, tónlistarnám og slíkt en að samskipti þar sem börn fari út að leika sér hafi minnkað og sé aðal ástæða þess vera vegna vinsælda tölvuleikjaspilunnar.

Símon nefndi að í covid faraldrinum hafi ákveðin aldur barna ekki náð að þroska með sér hæfileikann til samskipta þar sem talað er augliti til auglitis því samskipti í gegnum tölvu og samskiptamiðla hafi tekið við þegar börnin máttu ekki hittast í faraldrinum.

Símon nefndi að á þeim vettvangi sem börnin eru og sérstaklega á tölvuleikjavettvangi sé lítið um eftirlit og hafa tíðari fregnir borist af netglæpum á borð við netsvindli og kynbundnu áreiti átt sér stað á þeim vettvangi.

Símon nefndi að á þessum vettvangi þyrfti lögregla einnig að vera með eftirlit en einnig að vera til halds og traust fyrir ungmenni til að valdefla þau með því að fræða þau um hvernig þau eigi að haga sér á netinu og hvernig þau eigi að bregðast við ofbeldi eða svindli sem á sér stað á netinu.



Bergvin Oddsson og Símon Geir Geirsson.

Símon sagði að með viðveru lögreglu á þessum vettvangi skapist traust til lögreglu þar sem lögregla mætir börnunum á þeirra jafningja-grundvelli og fylgir því svo eftir með heimsókn í skóla, félagsmiðstöðvar og fleira til að tengjast börnunum bæði rafrænt og á öðrum raun vettvangi.

Símon nefndi sem dæmi að lögreglan í Hollandi hafi unnið sitt samfélagsverkefni á þennan móta og

m.a. fengið styrk til kaupa á bifreiðar með þremur skjáum og leikjatölvum sem lögreglan notar til að ferðast á með og skapar þannig vettvang fyrir fólk til að hitta lögregluna, spjalla við hana og mynda tengsl í gegnum hefðbundið spjall. Með því gætu borgarar rætt við lögreglu, veitt lögreglu innsýn inn í samfélag eða hverfi sín og einnig fræðst í leiðinni af lögreglunni um málefni er brennur á borgurinum.

Eflaust velta einhverjir fyrir sér af hverju í ósköpunum á að greiða lögreglumönnum fyrir að leika sér að spila tölvuleiki við borgarana? Símon segir að þetta virkar galið en bætir við að það sé svo mikilvægt að skapa tengsl á milli lögreglunnar og borgaranna.

Nefnir hann sem dæmi að börn og unglingar eigi ekki að óttast lögguna eða forðast hana heldur sé lögreglan til að hjálpa og veita aðstoð. Því sé mikilvægt að borgararnir, ungir sem aldnir, nái að tengjast lögreglunni betur og þannig náist að myndast traust milli borgaranna og lögreglunnar.

Ég hvet lionsklúbba landsins að fá sína samfélagslögguna í heimsókn til að fræðast um verkefni Samfélagslögreglunnar. Það gæti um leið skapað vettvang klúbbana að hittast sameiginlega og gera sér glaðan dag saman og fá sameiginlegt erindi frá Samfélagslöggunni úr sínu héraði. Síðast en ekki síst geta klúbbarnir lagt lögreglunni lið með að kosta litabækur fyrir leikskólabörnin eða kostað að innrétta eina tölvuleikjalögreglubifreið.

Bergvin Oddsson
Formaður Lkl. Vestmannaeyja



Varaumdæmisstjórar MD 109

Inga Lóa Steinarsdóttir,
varaumdæmistjóri 109A

Sumarliði Ásgeirsson,
varaumdæmistjóri 109B



Á sal.

Nú er veruleikinn farinn að síast inn, eftir hálfan vetur af námskeiðum og nokkrum Zoom fundum í grúbbu 18 með 19 einstaklingum frá fimm Evrópulöndum. Annar stærsti flugvöllur í heimi ORD Chicago, innflytjendaeftirlit og vegabréf, 15 mínútur í röð eftir töskum, (Meet and greet) Ljón tók á móti okkur. Áður en við vissum af vorum við komin í rútu með nokkrum Áströlum og lögð á stað áleiðis í Q-center sem er 1043 herbergja ráðstefnuhótel í **St. Charles** en þangað er klukkutíma akstur frá Chicago.

Frá fyrstu mínútu þegar inn var komið þá tók við skipulag upp á 10. Öll gögn fyrir verðandi umdæmisstjóra voru á einum stað fyrir alla 737 verðandi umdæmisstjóra. Einu hnökranir í öllu ferlinu var (ð) í Sumarliði, broddstafir voru í lagi. Þegar við mættum var komið að lokunartíma á veitingastaðnum en það var opið hálf tíma lengur fyrir okkur. Síðan var hlaupið inn í stofu þar sem við hittum okkar hóp og okkar frábæra hópstjóra Stewart Sherman-Kahn. Síðan tók við stíf

dagskrá næstu fjóra daga. Það var vaknað fyrir allar aldir og eftir morgunmat var mæting á sal þar sem við hittum verðandi forseta, Fabrício Oliveira en hann kemur frá Brasilíu og verður "okkar" forseti. Áhugaverður maður með nýjar áherslur og næsta ár verður örugglega skemmtilegt undir hans stjórn. Hann lagði það á sig að láta taka einstaklingsmynd með öllum 757 verðandi umdæmisstjórum. Á sal eru túlka klefar því við erum að vinna með meira en 150 tungumál og sumar þjóðir tala litla eða enga ensku.

Dagskráin var stíf en vel hugsað um okkur í öllu þessu ferli. Þetta er mikil vinna og frábært fólk að vinna með. Einn af hápunktum námsins var heimsókn í Suður Kóerönsku grúbbuna og flytja sameiginlega verkefni, við fyrir þau og þau fyrir okkur með milligöngu túlks.

Maturinn var alger snilld, það var alltaf eitthvað nýtt í boði og eðlilega er ísvél í mötuneytinu. Það eiga allir að vera með ísvél, en það er okkar mat.



Dieter frá Belgíu flytur verkefni.



Fabrício Olivera verðandi alþjóðaforseti leit við í öllum skólastofum.



Fórum þetta á gleðinni.



Glaður hópur í lok námskeiðs.



Hópur 18.



Héldum hópinn allan daginn.



Höfuðstöðvar Lions.



Höfuðstöðvar-1668.



Hómyndataka í höfuðstöðvunum.



Hópurinn við styttuna af Melvin Jones.



Í röð fyrir myndatöku með Fabricio Olivera.



Verðandi umdæmisstjórar.



Inga Lóa flytur verkefni.




Ísvél er alveg nauðsyn.



Klárlega mesta gleðin í þessum hóp.



Löng runa af karlmönnum og svo Guðrún okkar



Misjafnt hvernig kaffipásur voru notaðar



Okkar frábæri Stewart Lionsmaður í gegn.



Samheldinn hópur og til í allt.



Samvinna við verkefnaskil.



Sér íslenskt.



Skýstrókaviðöörun á kööldmatartíma.



Stu Young alger snillingur í öllu sem viðkemur Lion.



Suður Kórea greip okkur á ganginum í hópmynd.



Suður Kóreu kennslustofan.



Túlkabásar fyrir yfir 150 tungumál.



Á matartíma.



Inga Lóa með viðurkenningu frá Stewart kennara.



Sumarliði með viðurkenningu frá Stewart kennara.

Við vorum vel undirbúin fyrir komuna þökk sé Stewart Sherman-Kahn, hópstjóra sem sá til þess með vel skipulögðum Zoom fundum að það var eiginlega ekkert sem kom okkur á óvart nema stærðin á Q-Center.

Einn daginn um þrjúleitið var okkur tjáð að það gæti komið skýstróksviðvörðun og þá ættum við að fara frá gluggum og á sérstaka staði inni í miðri byggingu, og um kvöldmat kom viðvörðun og fór þá fumlaut kerfi í gang sem var greinilega þaulæft hjá starfsfólkinu og á 2-3 mínútum voru allir komnir í skjól á göngum hótelsins.

Næst á dagskrá var heimsókn í höfuðstöðvarnar Lions Clubs International það var eins og allt annað virkilega vel skipulagt prógram. Það kitlaði landann að sjá mynd af konu í langri röð karla af okkar konu, þeirri fyrstu til að gegna embætti alþjóða forseta, Guðrúnu Björt Yngvadóttur ég er ekki frá því að brjóstkassinn hafi belgst dálítið út við þessa heimsókn og sjálfsöryggið aukist til muna.

Næst hjá okkur verðandi umdæmisstjórum er fjölumdæmis og umdæmisþingid okkar á Álftanesi 10-12 maí nk. þar sem við verðum í framboði til umdæmisstjóra og hvetjum við alla til að koma. Svo höldum við til Melbourne, Ástralíu í júní nk. þar sem við klárum umdæmisstjóranámskeiðið og verðum sett inn í embætti umdæmisstjóra.

Að verða umdæmisstjóri er vinna en mjög skemmtilegt og mjög gefandi. Að fá að kynna öllu frábæra fólkinu okkar í klúbbunum og þeirra starfi í það að fá að kynna Lions á heimsvísu. Hefur þessi vegferð verið einstök, fræðandi og ómetanleg lífsreynsla. Það er ekki hægt að segja annað en á þessari 3ja ára vegferð okkar hefur verið vel haldið utan um okkur. Fræðslan bæði herna heima og erlendis til fyrirmyndar og eru allir boðnir og búnir til að aðstoða okkur. Það hefur nú verið sagt að maður uppskerir því sem maður sáir og erum við tilbúin í nýtt starfsár sem við förum inn í full af eldmóði og tilhlökkun.

Hlökkum til að sjá ykkur flest á þinginu í maí nk. og áfram Lions!

Inga Lóa Steinarsdóttir og Sumarliði Ásgeirsson, varaumdæmisstjórar A og B umdæmis.



Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.



LIONS INTERNATIONAL LIONS á Íslandi

Fjölumðæmi 109 – Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi.
Sími.: 561 3122. Netfang: lions@lions.is



Fjölumðæmisþingi framhaldið laugardaginn 11. maí kl. 10:00 Álftanesi

Dagskrá:

- 1) Þingi framhaldið:**
Fjölumðæmisstjóri CC Sigfríð Andradóttir.
- 2) Kjör embættismanna:**
 - a) Þingforseti:
Vara þingforseti:
 - b) Þingritari:
Vara þingritari:
 - c) Kjörbréfanefnd:
- 3) Kveðja frá alþjóðaforseta:**
Alþjóðastjórnarmaður ID Pirkko Vihavainen.
- 4) Ársskýrsla fjölumðæmisstjóra:**
Fjölumðæmisstjóri CC Sigfríð Andradóttir.
- 5) Umræður um ársskýrslu:**
Þingforseti PID Jón Bjarni Þorsteinsson.
- 6) Kjörbréfanefnd skilar álit:**
Formaður kjörnefndar PCC Benjamín Jósefsson.
- 7) Rauð fjöður 2025:**
Formaður Rauðu fjaðrar nefndar VCC Geirþrúður Fanney Bogadóttir.
 - a) Kynning mögulegra verkefna.
 - b) Kosið um verkefni.
- 8) Reikningar Lions á Íslandi:**
Fjölumðæmisgjaldkeri PDG Stefán Árnason.
 - a) Reikningar fjölumðæmis fyrir starfsárið 2022-2023.
 - b) Fjárhagsáætlun starfsársins 2024-2025.
 - c) Tillaga um árgjald fyrir starfsárið 2024-2025
 - d) Bráðabirgðauppgjör starfsársins 2023-2024
- 9) Alþjóðahjálparsjóðurinn:**
LCIF stjóri PCC Björn Guðmundsson.

Hádegishlé

- 10) Ímynd Lions á Íslandi:**
Markaðs- og kynningarstjóri Niels Finsen.
- 11) Mission 1,5 M**
Fyrirverandi alþjóðaforseti PIP Guðrún Björt Yngvadóttir.
- 12) Kynning á verkefnum sem lionsklúbbar á Íslandi koma að:**
Fjölumðæmisstjóri CC Sigfríð Andradóttir.
 - a) Broskarlar í Afríku:**
Gunnar Stefánsson.
Anna Helga Jónsdóttir.
 - b) Gigtarrannsóknir á Íslandi:**
Katrín Þórarinsdóttir yfirlæknir gigtardeildar á Landspítalanum.

Kaffihlé

- 13) Tillögur:**
Þingforseti PID Jón Bjarni Þorsteinsson.
- 14) Kjör vara fjölumðæmisstjóra starfsárið 2024 – 2025:**
 - a) Kynning á framboði til embættis vara fjölumðæmisstjóra, PCC Björn Guðmundsson kynni framboð Önnu Blöndal.
 - b) Kjör vara fjölumðæmisstjóra lýst.
 - c) Ávarp og markmið nýkjörins vara fjölumðæmisstjóra
- 15) Kjör fjölumðæmisstjóra starfsárið 2024 – 2025:**
 - a) Kynning á framboði til embættis fjölumðæmisstjóra, PCC Björg Bára Halldórsdóttir kynni framboð Geirþrúðar Fanney Bogadóttur.
- 16) Kjör embættismanna:**
Þingforseti PID Jón Bjarni Þorsteinsson.
 - a) Fjölumðæmisritari til eins árs 2024-2025 – Guðmundur Helgi Gunnarsson.
 - b) Fjölumðæmisgjaldkeri til eins árs 2024-2025 – Stefán Árnason.
 - c) Leiðtoga- og fræðslustjóri (GLT) til eins árs – Halldór Kristjánsson.
 - d) Félagastjóri (GMT) til eins árs 2024-2025 – Jón Pálmason.
 - e) Verkefnastjóri (GST) til eins árs 2024-2025 – Sigfríð Andradóttir.
 - f) Útbreiðslustjóri (GET) til eins árs 2024-2025 – Kristófer Tómasson.
 - g) Rauðu fjaðrar stjóri til eins árs 2024-2025 – Baldur Ingi Karlsson.
 - h) Alþjóðasamskiptastjóri til tveggja ára 2024-2026 – Jónas Yngvi Ásgrímsson.
 - i) Markaðsstjóri til tveggja ára 2024-2026 –
 - j) Medic Alert stjóri til þriggja ára 2024-2027 – Þór Steinarsson.
 - k) Heilbrigðisstjóri til þriggja ára 2024-2027 – Jón Bjarni Þorsteinsson.
 - l) Ritstjóri Lions til þriggja ára 2024-2027 – Þorkell Cýrusson.
 - m) Netstjóri til þriggja ára 2024-2027 – Sigríður Guðmundsdóttir.
 - n) Ungmennaskiptastjóri til þriggja ára 2024-2027 – Björg Bára Halldórsdóttir.
 - o) Umhverfisstjóri til þriggja ára 2024-2027 – Dagný Finnsdóttir.
 - o) Skoðunarmenn reikninga til eins árs 2024-2025:
 1. aðal. Þorleifur Sigurðsson.
 2. aðal. Benjamín Jósefsson.
 1. vara. Halldóra Ingibergsdóttir.
 2. vara. Halldór Karl Hermannsson.
- 17) Lions þing í Ólafsvík:**
Þingstjóri PCC Hörður Sigurjónsson.
- 18) Ákvörðun um þingstað 2026:**
Þingstjóri PCC Hörður Sigurjónsson.
- 19) Viðurkenningar:**
Alþjóðastjórnarmaður Pirkko Vihavainen, fjölumðæmisstjóri Sigfríð Andradóttir, fyrirverandi alþjóðaforseti Guðrún Björt Yngvadóttir.
- 20) Önnur mál:**
Þingforseti PID Jón Bjarni Þorsteinsson.
- 21) Þingslit:**
Fjölumðæmisstjóri CC Sigfríð Andradóttir.

Dagskrá Umdæmisþings 109A

1. Kosning embættismanna þingsins, þingforseta og þingritara
2. Kjörbréfanefnd
3. Ársskýrsla umdæmisstjóra
4. Umræður um skýrslu umdæmisstjóra
5. Kjörbréfanefnd skilar álit
6. Kynning frambjóðenda
7. Ávarp
8. Kjöri frambjóðenda lýst
9. Ávörp nýkjörinna frambjóðenda
10. Orkester Norden, lög fram og rædd tillagan:
„Umdæmi 109A telur verkefnið Orkester Norden allt of stórt og kostnaðarsamt fyrir Íslensku Lionshreyfinguna. Verkefnið mun kosta um 80 til 100 milljónir á árunum 2026-2027. Umdæmi 109A vill ekki fá verkefnið til Íslands og mun ekki taka þátt, komi verkefnið til landsins“
11. Sameining Umdæmanna í eitt umdæmi, lögð fram og rædd tillagan:
„Umdæmisþing samþykkir að Umdæmi 109A og Umdæmi 109B verði sameinuð í eitt umdæmi, Umdæmi 109. Sameiningin tekur strax gildi. Fjöluumdæmisþingið breytir þá um nafn og heitir það sem eftir lifir Þingsins á Álftanesi, Umdæmisþing. Lög um Umdæmisþing gilda í framhaldi um Þinghaldið. Fyrsti vara Umdæmisstjóri í 109A tekur við sameinuðu Umdæmi 1. júlí 2024, fyrsti vara Umdæmisstjóri í 109B tekur við í júlí 2025, annar vara í 109A árið 2026 og annar vara í 109B árið 2027.“
12. Svæðisstjórar fara yfir starf vetrarins
13. Önnur mál
14. Þingslit

Friðrik Hansen Guðmundsson umdæmisstjóri 109A

Umdæmisþing 109B, Álftanesi, 10. maí 2024

Þingið hefst 15:30

Dagskrá þingsins:


1. Kosning embættismanna þingsins: Baldur Ingi Karlsson umdæmisstjóri
 - a. Þingforseti, Þingritari og kjörbréfanefnd
2. Ársskýrsla umdæmisstjórnar: Baldur Ingi Karlsson umdæmisstjóri 109B
3. Umræður um skýrslu umdæmisstjórnar
4. Kjörbréfanefnd skilar álit
5. Kynning frambjóðenda:
 - a. Til embættis annars varaumdæmisstjóra í 109 B, 2024-2025
 - b. Til embættis fyrsta varaumdæmisstjóra í 109 B, 2024-2025
 - c. Til embættis umdæmisstjóra í 109 B, 2024-2025
6. Atkvæðagreiðsla
7. Uppbrot
8. Kjöri frambjóðanda lýst
9. Ávörp
10. Viðurkenningar
11. Önnur mál
12. Þingslit


ATH! Dagskráin er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar

Baldur Ingi Karlsson umdæmisstjóri 109B

Apríl – myndasíða

- Friðgeir Guðmundsson
- Guðmundur Jónsson Lionsklúbbnum Bjarma





Minning † Gísli Sigurðsson – f. 16. 11. 1935 d. 29.11.2023



Lionsklúbburinn Múli á Fljótsdals-
héraði var stofnaður árið 1970 og
síðasti starfandi stofnfélagi hans hefur
kvatt okkur eftir langan og farsælan
æviferil.

Gísli var meðal þeirra sem fram
ganga í hógværd en alltaf mátti reiða
sig á þegar á þurfti að halda. Harðfylgi
hans sem línuverkstjóra hjá Rarik var
við brugðið – hvort sem berjast þurfti
í óbliðum veðrum við brotna staura
og slitna víra eða klifra í staurum með

allt á herðunum sem festa þurfti upp þegar nýjar raflínur voru lagðar
áður en vélknúin tæki tóku slíkt erfiði af mönnum.

Gísli gegndi öllum embættum hjá Lionsklúbbum Múla á sinni
löngu veru í klúbbum af trúmennsku og lipurð og hlaut fyrir það
margar viðurkenningar, meðal annars hinn virðulega Melvin Jones

skjöld. Hann var þó ekki maður sem vann verk sín í von um heiður og
vegtyllur. Af störfum hans fyrir klúbbinn er sérstaklega minnisstæð
langvarandi umhyggja hans fyrir trjáreit klúbbsins og hvernig verklagni
hans og verksvít skiluðu góðum árangri í margvíslegum aðstæðum.
Útfararþjónustan klúbbsins ók hann einnig lengi í sjálfbodastarfi eins og
í annarri þjónustu á vegum klúbbsins. Einnig var Gísli betri en enginn
þegar huga þurfti að því að koma fyrir ljósakrossunum í kirkjugörðunum
með þekkingu sína á rafmagni og öllu því tengdu.

Góður félagi er kvaddur með söknuði en jafnframt þakklæti fyrir
margvíslega þjónustu sína.

Samúdarkveðju sendum við klúbbfélagar eftirlifandi eiginkonu,
Heiðu Elínu Aðalsteinsdóttur, börnum þeirra og öðrum ástvinum.

F.h. Lionsklúbbsins Múla.
Vigfús Ingvar Ingvarsson



Minning † Jón Karl Karlsson



Kveðja frá Lionskúbbi Sauðárkóks
Góður Lionsfélagi Jón Karl
Karlsson er fallinn frá á 87. Aldursári.
Útför hans var gerð frá Sauðár-
krókskirkju þann 12. febrúar s.l.
Lionskúbbur Sauðárkróks minnst
hans með virðingu og þökk fyrir hans
miklu lionsstarfa. Jón starfaði í
Lionsklúbbi Sauðárkróks frá 1967, var
formaður hans 1973 -1974 og 1999
– 2000, hann var umdæmisstjóri B
-umdæmis hreyfingarinnar á Íslandi

1984 – 1985, og fjöllumdæmisstjóri hreyfingarinnar 1985 – 1986. Einnig
var hann kjörinn Melvin – Jones – félagi Lions 1988.

Eins og sést þá krefst slíkt félagsstarf mikils tíma og fórnþýsi. Jón
gegndi fjölda nefndastarfa á vegum klúbbsins, gegnum tíðina, og var
ötull félagi, með dugnaði sínum í Lions má segja að Jón hafi vakið
athygli á starfsemi Lionsklúbbs Sauðárkróks á landsvísi.

Íslíkum félagsskap verður oft glatt á hjalla og minnumst við félagar
óteljandi gleðistunda í gamni og alvöru öll þessi samstarfsár í Lions,
á fundum árshátíðum og ekki síst á tveimur fjöllumdæmisþingum Lions
árin 2004 og 2014 sem haldin voru í Skagafirði með glæsibrag.

Ekki er hægt að skilja við þessar minningar án þess að minnst
hans góðu eiginkonu Hólfríðar Friðriksdóttur sem starfaði sem klettur
við hlið hans í Lionshreyfingunni, enda var hún félagi í Lionsklúbbum
Björk á Sauðárkróki til fjölda ára, en Hólfríður lést 2. Febrúar 2013.

Víst er að allt hefur sinn tíma og nú eru þau hjón farin yfir móðuna
miklu.

Lionsklúbbur Sauðárkróks þakkar fyrir samfylgdina og mikið
lionsstarf.

Öllum aðsendum eru sendar dýpstu samúdarkveðjur

Með lionskveðju
Bragi S. Haraldsson

Lionsklúbbur Álftaness

Velkomin á Lionsþing á Álftanesi 10. til 12. maí 2024

Porgeir Magnússon,
formaður Lkl. Álftaness



Lionsklúbbur Álftaness býður Lionsfélaga og gesti velkomna á árlegt Þing Lionsfjölmæmis 109 og Lionsumdæmis 109 A og B sem haldið verður á Álftanesi dagana 10. til 12. maí 2024. Lionsklúbbur Álftaness annast þingið með hjálp Lionsklúbbsins Seylu sem er Lionsklúbbur kvenna hér á nesinu. Þingið, sem er númer 69 í röðinni, fer fram í Íþróttamiðstöðinni á Álftanesi og í Álftanesskóla. Þar eru ágætar aðstæður til þinghalds og veisluhalds, nóg pláss og margar vistarverur.

Lionsfólk eru hvatt til að tryggja sér gistingu á höfuðborgarsvæðinu sem allra fyrst, reynslan sýnir að betra er að vera þar í fyrra fallinu.

Dagskrá liggur fyrir á heimasíðu Lions www.lions.is ásamt upplýsingum um þingið og þingstörf. Það auðveldar væntanlegum þingfulltrúum að fylla út skráningareyðublað og kjörbréf. Þau má einnig finna á vefsíðu Lions. Mikilvægt er að eyðublaðin séu vandlega útfyllt því þau liggja til grundvallar öllu skipulagi þingsins. Þinggjaldið er að þessu sinni 5.000 krónur.

Þingið verður sett í Íþróttamiðstöðinni og mun bæjarstjóri Garðabæjar, Almar Guðmundsson, ávarpa þingfulltrúa og gesti. Ef veður leyfir verður gengið í skrudgöngu um nágrennið.

Verið er að skipuleggja afþreyingu, meðal annars skoðunarferð með leiðsögn fyrir maka þingfulltrúa. Við munum vanda til makaferðarinnar, setja saman skemmtilegt kynningarkvöld og hafa hátíðlegt og fjölbreytt lokahóf.

Sérstakur gestur Lionshreyfingarinnar, Pirkko Vihavainen alþjóðastjórnarmaður frá Finnlandi mun bera boðskap alþjóðaforseta Lions til þingsins. Auk þess verða gestir frá öllum norðurlöndunum.

Gestur Lionsklúbbs Álftaness verður Dr. Katrín Þórarinsdóttir yfirlæknir gigtardeildar á Landspítalanum en hún hefur óskað eftir stuðningi Lionshreyfingarinnar við gigtarrannsókir á Íslandi. Hugmyndin, sem er í mótnun, er að búa til "Center of Excellence" fyrir rannsóknir á sjálfsonæmissjúkdómum, þ.m.t. sóragigtar, iktsýki og skyldra sjúkdóma. Vegna smæðar landsins og sterkra innviða hafa Íslendingar einstakt tækifæri til að leggja hér sitt af mörkum og það mögulega á heimsvísu. Katrín mun kynna málið á þinginu.

Þinginu lýkur að venju með Lionshátíð á laugardagskvöldinu. Hún er opin öllu Lionsfólki jafnvel þó það hafi ekki skráð sig sem þingfulltrúa. Aðgangur að kynningarkvöldinu á föstudaginn er einnig opin fyrir alla.

Hvað Álftanesið sjálf varðar, þá var það áður sjálfstætt sveitarfélag en sameinaðist Garðabæ árið 2013. Hér búa vel á þriðja þúsund íbúa



og uppbygging íbúðarhúsnæðis er hröð um þessar mundir. Þjónustan er borin uppi af Álftanesskóla, leikskólunum Krakkakoti og Holtakoti, Tónlistarskóla Garðabæjar, Álftaneslaug, golfvelli Golfklúbbs Álftaness, reiðhöll hestamannafélagsins Sóta, Íþróttamiðstöðinni, skátahúsinu og Litlakoti, sem hýsir aðstöðu eldri borgara. Nesið hefur upp á margt að bjóða sem áhuga vekur. Það er þekkt fyrir að vera mikil náttúruparadís, útsýni er mikið og fagurt, bjartar tjarnir og auðugt fuglalíf. Hér er viðkomustaður margæsarinnar vor og haust. Nesið er kjörið til útivistar, gönguleiðir margar, víðátta mikil og heillandi fjara. Herminjar eru nokkrar við Breiðabólstaði og á Garðaholti.

Á nesinu eru Bessastaðir eins og allir vita, bústaður forseta Íslands og fyrrum aðsetur Bessastaðaskólans. Þar eru m.a. Bessastaðastofa (1766) og Bessastaðakirkja (vígð 1796). Á Bessastöðum hafa verið grafnar upp merkar fornminjar og mikil saga er við hvert fótmál.

Lionsklúbbur Álftaness, sem verður 40 ára á næsta ári, telur það mikinn heiður að fá að standa að Lionsþinginu að þessu sinni og mun gera allt til að vel takist til. Þingið er eins konar árshátíð Lionshreyfingarinnar hér á landi, hreyfingar sem á sér merkar hugsjónir sem speglast í hinum geðþekku einkunnarorðum, „Við leggjum lið“.

Stöndum saman lionsmenn, karlar og konur, mætum á þingið, kynnumst, fræðumst og skemmtum okkur saman á Álftanesi 10. til 12. maí. Verið öll hjartanlega velkomin til okkar á nesið græna!

*F.h. Lionsklúbbs Álftaness
Porgeir Magnússon*



Lionklúbburinn Eik



Menningarívað á marsfundi

Marsfundur Lionklúbbsins Eik var haldinn í GKG. Gestir fundarins voru Óskar Már Jóhannsson sem lék tilbrigði eftir Johan Sebastian Bach 6. sinfónían á saxafón, og Ólöf Breiðfjörð menningarfulltrúi Barðabæjar sem fór yfir hin gríðarlega fjölbreyttu menningarverkefni sem Garðabær stendur fyrir. Barnamenningarhátíð, jasshátíðin Jassþorpið, Rökkvan og aðventugleðin sem fátt eitt sé nefnt.

Félagarnir kunna vel að meta og þakkaði formaður okkar Ólöfu fyrir frábært erindi og færði henni fána klúbbsins. Anna Nilsdóttir formaður húsnefndar þakkaði fyrir hönd okkar með fallettri blómagjöf. Fundurinn var í höndum húsnefndar.

Bingó til styrktar Minningar- og styrktarsjóðnum Ernium.

Lionsklúbburinn hélt Bingó til styrktar Minningar- og styrktarsjóðnum Ernium, sem býður upp á helgardvöl og samverur fyrir börn og unglinga sem hafa misst náinn ástvin. Bingóið var í Safnaðarheimili Vídalínskirkju föstudaginn 1. mars. Þær Halldór Jóna Ingibergsdóttir og Kristín Pálsdóttir stýrðu bingóinu sem var ágætlega sótt.



Flóttamannaástoð og stríðshörmungar voru umræðuefnið á febrúarfundi

Febrúarfundur Eikar vara í höndum varastjórnar. Guðrún Yngvadóttir varaformaður stýrði fundinum ásamt varastjórninni allri. Sérstakur gestur fundarins var Magnea Henný Pétursdóttir en hún hefur safnað saman skjölum og bréfum sem tengjast fjölskylduharmleik í seinni heimsstyrjöldinni.

Amma Magneu, Henný Goldstein, kom hingað til lands árið 1934 en fjölskyldumeðlimir hennar urðu fórnarlömb nasista og enduðu líf sitt í gasklefum. Henný rifjaði upp frásagnir frá flóttafólkinu sem kom hingað til lands á þessum tíma. Hún sagði frá ömmu sinni, Henný, og baráttuþreki hennar við að eignast landvist hér á landi. Mjög áhugaverð frásögn og sýnir glögglega hversu lítið þjóðir heims hafa lært af stríðsátökum.

Verkefnanefndin sagði frá verkefnum yfirstandandi starfsárs; sem eru meðal annar: blóðsykurmælingar, þátttaka í friðarveggspjaldakeppni í Sjálandsskóla, fatasöfunum fyrir flóttafólk frá Úkraínu. Nefndin lagði fram þrjár tillögur sem voru samþykktar:

Styrkveiting til kaupa á viðareldavélum til stríðshráðra í Úkraínu, styrkur til styrktarsjóðs Garðasóknar og styrkur til verkefnisins 42-240 sem er til styrktar Grindvíkingum. Sagt var frá fyrirhuguðu bingói og fyrirhuguðum breytingum á húsnaði klúbbsins.

Minning † Sigurvin Sigurjónsson



Látinn er félagi okkar Sigurvin Sigurjónsson. Hann hafði glímt við erfið veikindi undanfarin ár og því ekki getað sinnt störfum innan klúbbsins vegna þess. Sem var mikil breyting frá því sem áður var. Sigurvin gekk til liðs við Lionsklúbb Akraness þann 4. mars 1989. Hann varð strax öflugur og starfssamur félagi og tók virkan þátt í störfum klúbbsins. Hann var þrjú sinnum í stjórn klúbbsins, gjaldkeri starfsárin 1998-1999, 2005-2006 og 2013-2014. Hann sat í fjölda nefnda, Vímuvarnardsagsnefnd, skemmtinefnd, formaður þar, skógræktarnefnd, hússtjórn, blaða og samskiptafulltrúi, ferðanefnd og fjáröflunarnefnd. Hann tók virkan þátt í fjáröflunum klúbbsins og má þar sérstaklega nefna

kirkjugarðsverkefnið sem hann sinnti afar vel. Hann var duglegur að sækja uppákomur á vegum klúbbsins og fór í allar ferðir sem boðið var uppá meðan heilsan entist honum. Hann var gerður að Melvin Jones félagi 15. nóvember 2011, sem er æðsta viðurkenning sem veitt er til Lionsfélaga fyrir störf þeirra. Það er alltaf sárt að sjá á eftir og kveðja góða félagi og nú kveðjum við Sigurvin Sigurjónsson. Við félagar hans í Lionsklúbbi Akraness lútum höfði um leið og við minnumst hans og allra þeirra stunda sem við áttum með honum. Við sendum okkar dýpstu samúðarkveðjur til fjölskyldu hans og kveðjum hann með virðingu og þökk.

Fyrir hönd félaga í Lionsklúbbi Akraness
Benjamín Jósefsson



Minning † Elín Guðnadóttir



Elín Guðnadóttir var fædd í Þykkvabænum 25. mars 1938 en lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 21. janúar síðastliðinn.

Elín varð félagi í Lionessklúbbi Keflavíkur 1983 rétt eftir stofnun hans og fylgdi okkur sem stofnfélagi þegar við breyttum klúbbum yfir í Lionsklúbbin Freyju árið 2020 en hún kom á sinn síðasta fund nú í desember.

Eiginmaður hennar var Ellert Björn Skúlason og áttu þau 4 börn.

Gaman að nefna það hér að Lions hugsjónin hefur erfst á milli kynslóða í hennar fjölskyldu.

Elín hafði góða nærveru var félagslynd og vinamörg, gestrisin og naut sín vel með húsið fullt af gestum.

Á þeim árum þegar klúbburinn okkar hélt sína rómuðu fjáröflun sem var Góugleði; við fengum hráefni gefins og matreiddum síðan úr

því glæsilega rétti fyrir stóran hóp kvenna. Þarna naut Elín sín best, gekk rösklega til verks og ósjaldan lögðum við undir okkur eldhúsið hennar á Tjarnargötunni, jafnvel í nokkra daga.

Elín sinnti þeim verkefnum sem henni voru falin af ljúfmennsku og gleði á meðan heilsan leyfði.

Þrátt fyrir heilsuleysi síðustu ára var Elín ein af þeim félögum sem voru með hundrað prósent mætingu á síðasta ári.

Síðustu árin voru Elinu erfið, að finna lífsþróttinn þverra og færni til að sjá um athafnir daglegs lífs, en hún glímdi við Parkinson sjúkdóminn um árabil.

Innilegar samúðarkveðjur til barna og fjölskyldna þeirra.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Freyju þökkum við Elínu ómetanleg störf í þágu Lions á Íslandi og biðjum henni Guðs blessunar.

Bergþóra G. Bergsteinsdóttir
Hildur Ellertsdóttir, formaður.

Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2024 – 2025



Framboð til fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2024-2025 Geirprúður Fanney Bogadóttir, Lionsklúbbnum Æsu, Njarðvík

Geirprúður Fanney Bogadóttir, Lionsklúbbnum Æsu, býður sig fram til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2024-2025.

Geirprúður Fanney hefur verið lionsfélagi frá árinu 1990. Hún hefur gegnt flestum embættum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og ritari. Geirprúður Fanney sat í ritnefnd Lionsblaðsins 1993-1995 og starfaði með Orkester Norden stjóra fjölumdæmisins 2000-2001. Hún gegndi embætti svæðisstjóra á svæði 5, starfsárið 2012-2013, embætti umdæmisritara starfsárið 2013-2014, var kosin 2. vara umdæmisstjóri starfsárið 2016-2017, 1. vara umdæmisstjóri 2017-2018 og umdæmisstjóri 2018-2019. Starfsárin 2020-2022 gegndi hún embætti GMT stjóra fjölumdæmisins og var 1. júlí 2022 skipuð LCIF fulltrúi umdæmis 109A. Starfsárið 2023-2024 vara fjölumdæmisstjóri

ásamt því að vera LCIF fulltrúi 109A.

Geirprúður Fanney er Rangæingur, fædd að Hlíðarbóli í Fljótshlíð árið 1961. Hún er menntaður tónlistarkennari og starfar við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Eiginmaður hennar er Haraldur Árni Haraldsson, tónlistarkennari og skólastjóri. Þau eiga þrjú uppkomin börn og fjögur barnabörn.



Framboð til vara fjölumdæmisstjór MD 109 starfsárið 2024-2025 Anna Blöndal, Lionsklúbbnum Yflu

Ég undirrituð Anna Fr. Blöndal Lionsklúbbnum Yflu á Akureyri býð mig fram til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2024-2025 með þeim skyldum sem embættinu fylgja.

Ég gegndi stöðu ritara Lionsklúbbsins Yflu 2016-2017, var formaður Yflu 2018-2019 og samtímis gjaldkeri umdæmis 109B.

Annar vara umdæmisstjóri 2019-2020, vara umdæmisstjóri 2020-2021, starfandi umdæmisstjóri frá 1. desember 2020 til 30. júní 2021.

Umdæmisstjóri 109B starfsárið 2021-2022 og frá 1. júlí 2022 til dagsins í dag LCIF fulltrúi umdæmis 109B.

Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á félagsmálum og er þakklát fyrir að hafa verið beðin að vera fyrirlesari á fundi hjá Lionsklúbbnum Yflu árið 2014 og síðan boðið að vera gestur á þeim næsta og innnganga í klúbbinn. Tækifærið sem mér var veitt, að kynnast Lionsshreyfingunni, lionsfélögum og síðast en alls ekki síst klúbbsysturum mínum hefur verið mér mikil ánægja. Ég er stolt af því að vera lionsfélagi.

Nái ég kjöri heiti ég að vinna af heilindum og áhuga að þeim verkefnum sem fylgja embættinu bæði innan lands og utan.

Anna Fr. Blöndal



Framboð til umdæmisstjóra 109B starfsárið 2024-2025 Sumarliði Ásgeirsson, Lionsklúbbi Stykkishólms

Lionsklúbbur Stykkishólms hefur ákveðið að bjóða Sumarliða Ásgeirsson til starfs umdæmisstjóra 109B starfsárið 2024-2025.

Sumarliði hóf vegferð sína innan Lions í Lionsklúbbi Stykkishólms fyrir 12 árum og lét strax til sín taka og m.a. sat í stjórn klúbbsins árið eftir. Embætti hans eru eftirfarandi:

- Tvisvar formaður
- 2022-2023 svæðisstjóri 2 ár
- Fjáröflunarnefnd flest árin

Fyrir utan ofangreind embættisstörf hefur Sumarliði verið formaður skemmtinefndar, formaður félaganefndar og tengiliður klúbbsins í hinum ýmsu verkefnum.

Sumarliði gegndi embætti vara umdæmisstjóra starfsárið 2023-2024.

Hann hefur ávallt verið stjórn Lionsklúbbs Stykkishólms innan handar frá því hann kom í klúbbinn og nýtur mikils trausts klúbbfélaga sinna.

Lionsklúbbur Stykkishólms



Framboð til umdæmisstjóra 109A starfsárið 2024-2025 Inga Lóa Steinarsdóttir, Lionsklúbbnum Freyju

Á félagsfundi 15. febrúar 2023 var samþykkt að styðja Ingu Lóu Steinarsdóttur sitjandi annars vara umdæmisstjóra til framboðs vara umdæmisstjóra fyrir komandi starfsár 2023-2024, sem nú framlengist til framboðs umdæmisstjóra 2024-2025.

Inga Lóa hóf vegferð sína innan Lions sem lionessa í Lionessklúbbi Keflavíkur starfsárið 2015-2016 og lét strax til sín taka og hefur verið í stjórn klúbbsins meira og minna til dagsins í dag. Embætti hennar eru eftirfarandi:

- 2016-2017 formaður
- 2018-2019 gjaldkeri
- 2019-2020 ritari

Þann 1. júlí 2020 breyttist klúbburinn í fullgildan Lionsklúbb er fékk heitið Lionsklúbburinn Freyja. Inga Lóa bara þungan af þeirri breytingu ásamt stjórn sinni. Störf hennar innan Freyjanna er:

- 2020-2021 ritari, netstjóri 109A
- 2022-2023 skýrsluritari Freyjanna, svæðisstjóri á svæði 5 og 2 varaumdæmisstjóri og netstjóri 109A

Fyrir utan ofangreind embættisstörf hefur Inga Lóa verið formaður skemmtinefndar, formaður laganefndar, tengiliður klúbbsins í hinum ýmsum sameiginlegum verkefnum Suðurnesjaklúbbanna ásamt því að sitja í framtíðarnefnd 109A frá stofnun hans árið 2018. Hún hefur ávallt verið stjórn klúbbsins innan handar frá því hún kom í klúbbinn og nýtur mikið trausts klúbbfélaga sinna.

Lionsklúbburinn Freyja



Framboð til vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2024-2025 Thelma Rós Kristinsdóttir, Lionsklúbbnum Eden Hveragerði

Á félagafundi þann var samþykkt að styðja Thelmu Rós Kristinsdóttur til embættis vara umdæmisstjóra 109 A fyrir starfsárið 2024-2025.

Thelma er stofnfélagi í Lionsklúbbnum Eden og fyrsti formaður hans og hefur gengt embætti formanns alls fjórum sinnum frá stofnun klúbbsins. Auk þess að hafa setið í flestum nefndum klúbbsins síðan hann var stofnaður sem deild árið 2008.

- Formaður 2008, 2009, 2010 og 2014
- Ritari 2022-2023
- GLT fulltrúi í umdæmi 109 A 2022-2023
- Svæðisstjóri 2023-2024
- Annar vara umdæmisstjóri starfsárið 2023-2024

Thelma hefur alltaf verið virkur félagi og tekið að sér flest þau verk og störf sem krefjast þess hverju sinni og við treystum að verði hún kjörin vara umdæmisstjóri 109 A 2024-2025 þá muni hún sinna því eins vel og hún hefur sinnt öðrum störfum innan Lionsklúbbsins Eden.

Lionsklúbburinn Eden



Framboð til vara umdæmisstjóra 109B starfsárið 2024-2025 Aðalsteinn Hallgrímsson, Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa

Á félagsfundi 5. mars 2024 var samþykkt að styðja Aðalstein Hallgrímsson annan vara umdæmisstjóra til framboðs vara umdæmisstjóra 109B fyrir komandi starfsár 2024-2025.

Aðalsteinn hóf vegferð sína innan Lions í Lionsklúbbi Vitaðsgjafa fyrir 29 árum og lét strax til sín taka og setið nokkrum sinnum í stjórn sem formaður, ritari eða gjaldkeri.

Fyrir utan ofangreind embættisstörf hefur Aðalsteinn verið formaður skemmtinefndar, formaður félaganefndar og setið í öllum nefndum hjá klúbbnum og tekið virkan þátt í verkefnum og fjáröflunum á vegum Vitaðsgjafa.

Hann hefur ávallt verið stjórn Lionsklúbbs Vitaðsgjafa innan handar frá því hann kom í klúbbinn og nýtur mikils trausts klúbbfélaga sinna.

Jón Jónsson formaður 2023-2024



Framboð til annars vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2024-2025 Einar Hilmarsson, Lionsklúbbsi Laugardals

Fyrir hönd Lionsklúbbs Laugardals tilkynni ég að við bjóðum fram Einar Hilmarsson til embættis annars varaumdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2024-2025

Einar Hilmarsson hefur verið lionsfélagi frá árinu 2011 og hefur gengt ýmsum störfum innan klúbbsins. Hann hefur m.a. verið formaður og gjaldkeri og var mjög farsæll í starfi. Einar hefur verið í félagateymi umdæmisins frá árinu 2023

Laugardalshólum 25mars 2024

f.h. Lionsklúbbs Laugardals

Jóhann Gunnar Friðgeirsson

formaður

Eftirfarandi eru í framboði til embætta í fjöllumdæmisráði 2024-2025

a) Fjöllumdæmisritari til eins árs 2024-2025	Guðmundur Helgi Gunnarsson	Fjörgyn
b) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs 2024-2025	Stefán Árnason	Vitaðsgjafi
c) Leiðtoga- og fræðslustjóri (GLT) til eins árs 2024-2025	Halldór Kristjánsson	Ásbjörn
d) Félagastjóri (GMT) til eins árs 2024-2025	Jón Pálmason	Víðarr
e) Verkefnastjóri (GST) til eins árs 2024-2025	Sigríð Andradóttir	Æsa
f) Útbreiðslustjóri (GET) til eins árs 2024-2025	Kristófer Tómasson	Geysir
g) Rauðu fjaðrar stjóri til eins árs 2024-2025	Baldur Ingi Karlsson	Hængur
h) Alþjóðasamskiptastjóri til tveggja ára 2024-2026	Jónas Yngvi Ásgrímsson	Dynkur
i) Markaðsstjóri til tveggja ára 2024-2026	Ekkert framboð borist	
j) Medic Alert stjóri til þriggja ára 2024-2027	Pór Steinarsson	Fjörgyn
k) Heilbrigðisstjóri til þriggja ára 2024-2027	Jón Bjarni Þorsteinsson	Mosfellsbæjar
l) Ritstjóri Lions til þriggja ára 2024-2027	Porkell Cýrusson	Víðarr
m) Netstjóri til þriggja ára 2024-2027	Sigríður Guðmundsdóttir	Úa
n) Ungmennaskiptastjóri til þriggja ára 2024-2027	Björg Bára Halldórsdóttir	Rán
o) Umhverfisstjóri til þriggja ára 2024-2027	Dagný Finnsdóttir	Úa
p) Skoðunarmenn reikninga til eins árs: 2024-2025		
➤ 1. aðal	Porleifur Sigurðsson	Ásbjörn
➤ 2. aðal	Benjamín Jósefsson	Akraness
➤ 1. vara	Halldóra Ingibergsdóttir	Eik
➤ 2. vara	Halldór Karl Hermannsson	Grindavíkur
Fjöllumdæmisstjóri	Geirþrúður Fanney Bogadóttir	Æsa
Vara fjöllumdæmisstjóri	Anna Blöndal	Ylfa
Umdæmisstjóri A	Inga Lóa Steinarsdóttir	Freyja
Umdæmisstjóri B	Sumarliði Ásgeirsson	Stykkishólms
Vara umdæmisstjóri A	Thelma Rós Kristinsdóttir	Eden
Vara umdæmisstjóri B	Aðalsteinn Hallgrímsson	Vitaðsgjafi
2 vara umdæmisstjóri A	Einar Hilmarsson	Laugdæla
2 vara umdæmisstjóri B	Ekkert framboð borist	

Birt að ósk fjöllumdæmisstjóra



Starfið í alþjóðastjórn

Halldór Kristjánsson,

stjórnarmaður í alþjóðastjórn
Lions, 2023-2025.



Ég var kjörinn til framboðs til alþjóðastjórnar, til tveggja ára, á þingfundi sem haldinn var hér á landi í apríl árið 2023. Eftir kjör á alþjóðþinginu í Boston það sama ár hófst starfið og hefur verið afskaplega áhugavert og skemmtilegt. Alls eru 36 einstaklingar frá öllum heimsálfum í stjórninni og við erum 6 frá Evrópu. Þá sitja einnig í stjórninni 8 skipaðir stjórnarmenn.

Stjórn er skipt í 12 nefndir sem hver um sig fjallar um tiltekna málaflokka. Ég sit í Leadership nefndinni.

Við höfum haldið tvo stjórnarfundi, annan í Kaíró (október 2023) og hinn í Vancouver (mars 2024). Að auki hafa nokkrir netfundir verið haldnir. Undirbúningur funda, og sérstaklega vinnan á fundum, hefur gengið mjög vel. Fundað er í nefndunum í þrjá heila daga á alþjóðastjórnarfundum og síðan mál hvernar nefndar tekin fyrir í aðalstjórninni. Reynist þetta fyrirkomulag vel.

Sá sem er tengiliður minnar nefndar, og situr alla fundi hennar, er Jon Montgomery yfirmaður Leadership Development deildarinnar. Er hann opin og hress en vinnur

jafnframt mjög faglega og er skemmtilegt að vinna með honum.

Hér á eftir drep ég á nokkrum málefnum sem ég tel mikilvægar en mjög margar ákvarðanir eru teknar á fundum í stjórninni, sem flestar lúta að stefnu stjórnarinnar (Board Policy) eða lögum og reglum hreyfingarinnar.

Lions Portal sett af stað

Á fundinum í mars var tilkynnt að hefja ætti innleiðingu á nýju tölvukerfi Lions, Lions Portal, hinn 15. apríl næstkomandi. Það er því mikilvægt að uppfæra allar upplýsingar um félagana og klúbbinn fyrir 12. apríl í MyLCI en þann dag verður lokað fyrir allar breytingar á gögnum sem flutt verða yfir í nýja kerfið. Nýja kerfið mun sameina MyLCI (félagakerfi), MyLion (skýrslukerfi) og mörg önnur kerfi sem Lionsfélagar nota við dagleg störf. Það er afskaplega þægilegt og notendavænt og mikil bót að hafa aðgang að öllum upplýsingum í einu kerfi.

Þar sem hér er um mikla framkvæmd að ræða verður kerfið innleitt í áföngum og er innleiðingin á Íslandi 2. maí samkvæmt áætlun Lions.

Mission 1.5 átakið

Á fundinum var lögð mikil áhersla á þátttöku okkar, og allra annarra lionsfélaga í heiminum, í átakinu sem heitir Mission 1.5. Því er ætlað að auka félagafjöldann upp í 1,5 milljónir árið 2027. Lögð er áhersla á ný markmið umdæma í átakinu og hefur Íslandi verið sett nýtt markmið, tveir nýir klúbbar á árinu og um 130 nýir félagar.

Við erum því miður nokkuð langt frá því markmiði en eigum að geta séð til lands með því að leggjast enn harðar á áramar til loka starfsársins. Þá er unnið að því að koma upplýsingum um Mission 1.5 inn í allt fræðslufni Lions.

Nýtt námskeið fyrir annan varaumdæmisstjóra

Ákveðið var að netfræðsla fyrir embætti annars varaumdæmisstjóra yrði sett af stað á næsta starfsári. Búið er að ákveða dagskrána, sem samanstendur af einungum úr ALLI (Advanced Lions Leadership Institute) námskeiðinu og nokkrum nýjum viðbótum. Jafnframt var ákveðið að leggja ALLI niður og verja fjármununum sem við það sparast til fræðslunnar.

Staðbundnu FDI frestað um ár

Nokkrar vonir hafa verið bundnar við að við getum sjálf haldið námskeið hér á landi fyrir verðandi lionskennara (FDI). Margir hafa sýnt áhuga á þátttöku í slíku námskeiði en á fundinum var því miður ákveðið að slík FDI námskeið verði ekki haldin frá 1. apríl 2024 til 30. júní 2025. Það verður þó áfram hægt að sækja FDI námskeið á alþjóðavettvangi.

Önnur mál

Nokkur óvissa hefur ríkt um hvernig eigi að breyta útgáfu tímaritsins Lions í stafræna útgáfu og halda jafnframt gildi hennar sem opinbers mál gagns Lions. Lögð var fram tillaga um málið (Board Policy) sem leysir það og hún samþykkt á fundinum. Ákveðið var að gera það að skyldu að skipa GET (Global Extension Team) -stjóra/-fulltrúa í umdæmum og fjöllumdæmi. Auk þess var ákveðið að nú geta þeir sem hafa verið GET-, GLT-, GST- og LCIF-stjórar/-fulltrúar gefið kost á sér til embættis 2. varaumdæmisstjóra.

Lokaorð

Það er frá mörgu að segja varðandi það sem fram fer á alþjóðastjórnarfundum en ég læt þetta duga í bili. Ég bendi öllum áhugasömum á að renna yfir stefnu stjórnar (Board Policy) og lög og reglur (Laws and bylaws) Lions þar sem allar breytingar koma fram.